



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

30. apríl 2009
17. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Aetlaði alltaf að verða stýrimaður

– Jón Þorgeir Einarsson,
endurskoðandi í Bolungar-
vík segir frá lífinu í Vík-
inni, golfinu, eignarhaldinu
í Manchester United og
fleiru í viðtali í miðopnu.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Sorpbrennslu í Funa haldið áfram



Sorpbrennslustöðin Funi.

Starfshópur um endurskoðun sorpmála í Ísafjarðarbæ vill að sveitarfélög á Vestfjörðum myndi Sorpsamlag Vestfjarða, vill halda áfram að brenna sorp í brennslustöðinni Funa í Engidal og fækka sorphirðudögum. Með aukinni flokkun eru taldir líkur á að tíðni hirðinga á heimilissorpi mundi fara í hirðingu á 14 daga fresti í stað vikulegrar. Starfshópurinn vill skoða stækkun á markaðssvæði Funa, setja þar upp nýjan brennsluofn og bæta við öðrum katli, hætta með gámasvæði í þeirri mynd sem nú er, taka upp ruslapokagjald á heimilum, koma upp aðstöðu í Funa til flokkunar á öllu sorpi og fá með því auknar tekjur úr Úrvinnslusjóði, auka orkusölu

Funa og urða óvirkan úrgang við Klofning skammt frá Flateyri í Önundarfirði.

Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin er af Verkís. Sorpbrennslan Funi var talin vera í ágætu ásigkomulagi samkvæmt skýrslunni en nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á búnaði hennar í tímans rás og þá helst þær, að árið 2004 var sett upp pokasía við stöðina, steinhleðsla í brunahólfi var endurnýjuð árið 2005 og einnig var skipt um ketil. Ástand búnaðar í stöðinni nú er misjafnt en það sem helst þarfnast endurnýjunar eða endurbóta samkvæmt skýrslunni eru brennsluofninn, pokasíur, mælibúnaður og stýribúnaður. Brennsluofninn er orðinn mjög

illa farinn og eingöngu tíma-spursmál hvenær hann mun gefa sig enda orðinn 15 ára gamall.

„Áætlaður kostnaður við endurbætur á ofni, reyk göngum, pokasíum o.fl. er mjög óljós en von er á starfsmanni frá Envikraft til að gera úttekt á ofninum á næstu dögum, eftir þá úttekt geta kostnaðartölur legið fyrir. Einnig þarf að bæta við búnaði til innsetningar á bikarbónati og virkum kolum til að pokasíur geti starfað eðlilega. Kostnaður við þá aðgerð gæti verið um 15 millj. kr. og þannig verði sjónmengun frá stöðinni úr sögunni. Erfitt hefur verið að fá kostnaðartölur frá framleiðendum brennsluofna vegna efnahagsástandsins í landinu,“ segir í skýrslunni.

Starfshópurinn kannaði hvort hagkvæmt væri að loka Funa og koma upp flokkunarstöð og sorpið yrði þá flokkað og flutt til eyðingar á suðvesturhorninu. Rekstrartekjur Funa fyrir árið 2008 voru áætlaðar 102 millj. kr. auk rekstrarframlags frá Ísafjarðarbæ að upphæð 23,5 millj. kr. eða alls 125,5 millj. kr. Heildarrekstrargjöld voru áætluð 121 millj. kr. Miðað við að brennanlegt sorpmagn í Ísafjarðarbæ á árinu 2008 hafi verið

1.500 tonn, timbur 440 tonn, óbrennanlegt sorp um 900 tonn, brotajárn um 470 tonn og garðaúrgangur um 70 tonn er áætlaður kostnaður við flutning og eyðingu sorps á suðvesturhorni landsins um 100 millj. króna. Þessu til viðbótar þarf að reikna með afskriftum á núverandi húsi og búnaði, sem og kostnaði við þökkun og flokkun. Ef flutnings- og förgunarkostnaður er skoðaður fyrir sveitarfélögin sem nýta sér þjónustu Funa má gera ráð fyrir að kostnaður þeirra allra verði um 150-160 millj. kr.

Áætlaður kostnaður við sorpböggun, rekstur gámaplans og flokkunarstöðvar verði um og yfir 200 millj. kr. á ári. Gera má ráð fyrir að kostnaður við nýjan ofn í Funa og endurbætur á núverandi búnaði verði á bilinu 2-300 millj. kr. og er þá miðað við álíka búnað og er í Leirvík á Hjaltlandseyjum. Starfshópurinn telur æskilegt að Ísafjarðarbær skoði hvort raunhæft sé að Funi sjái um brennslu sorps frá Grænlandi. Á fundi sem haldinn var í júlí árið 2004 kom fram hjá samgönguráðherra Grænlands, að hluti af sorpi Grænlandinga er fluttur til Danmerkur og mætti hugsa sér að hagkvæmara gæti orðið að flytja það til Ísafjarðar.

Vestfirðir heppilegir fyrir sjávarvirkjanir

„Lagt er til að íslensk stjórnvöld fylgist vel með framþróun sjávarvirkjana og skoði nánar virkjanamöguleika af þessu tagi; sérstaklega uppsetningu sjávarfallavirkjunar við Breiðafjörð og möguleika á sjávarvirkjun á Vestfjörðum og/eða í Hrutafirði. Fleiri staðir kunna að koma til greina,“ segir í skýrslu sem Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og MBA, hefur tekið saman að frumkvæði Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðar- og utanríkisráðherra, og nefnist „Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi – Tækifæri til að efla íslenskt efnahagslíf og auka fjölbreytni á orkumarkaði?“

Ketill segir virkjun sjávarorku ennþá of skammt á veg komna til að raunhæft sé að meta hver verður hagkvæmni slíkrar raforkuframléiðslu. Engu að síður er mögulegt að hér sé um að ræða athyglisverðan kost fyrir Íslendinga, bæði vegna möguleika á að nýta þessa orkuaútlind til rafmagnsframléiðslu í framtíðinni – og jafnvel enn frekar sökum þess að Ísland gæti hugsanlega orðið leiðandi á sviði tækniþróunar í þessari ungu en ört vaxandi iðngrein.

„Það gæti leitt til til fjölda nýrra starfa hér á landi, stuðlað að meiri fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og skapað nýjar útflutningstekjur. Um leið gæti virkjun sjávarorkunnar og uppbygging íslensks sjávarorkuiðnaðar skapað Íslandi ímynd líkt og vindorkan hefur skapað Danmörku. Í framtíðinni gæti sjávarorkan því orðið mikilvægur þáttur í íslenskum iðnaði. Sjávarorka er áhugaverður kostur fyrir Íslendinga og í því sambandi má t.d. nefna eftirfarandi tvær ástæður: - Sjávarvirkjun gæti reynst hagkvæmur kostur á fáeinum stöðum á Íslandi (kannski ekki sist í nágrenni Vestfjarða). - Umtalsverð efnahagsleg tækifæri gætu verið fólgin í því að Ísland marki sér þá stefnu að verða leiðandi í þróun sjávarvirkjana,“ segir í skýrslunni.

birgir@bb.is

Haukur í horni: Vill minna á kröfugönguna 1. maí!



Þingkosningarnar: Jafnræði flokka í kjördæminu með ólíkindum

Jafnræðið með fjórflokknum svokallaða í Norðvesturkjördæmi eftir kosningarnar á laugardag má telja nánast með ólíkindum. Aðeins munar 0,4 prósentustigum á þeim flokki sem flest atkvæði fékk í kosningunum og þeim sem lenti í fjórða sætinu. Útdeiling jöfnunarsæta á landsvísu veldur því hins vegar að

Vinstri græn, sem næstflest atkvæði fengu í kjördæminu, fá þrjá menn í kjördæminu á þing, en hinir flokkarnir þrír fá tvo menn hver. Frjálslyndi flokkurinn náði hins vegar ekki manni inn í þessu sterkasta vígi sínu og fellur þar með út af þingi. Mikið vantaði á kjörfylgi hjá Borgarahreyfingunni og Lýðræðis-

hreyfingunni í kjördæminu til að koma fulltrúa á þing.

Norðvesturkjördæmi er eina kjördæmi landsins þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk meira fylgi en Samfylkingin þótt afar litlu muni.

Niðurstaðan í NV-kjördæmi varð þessi - í fylgisröð: 22,9% - Sjálfstæðisflokkur

22,8% - Vinstrihreyfingin - grænt framboð

22,7% - Samfylkingin

22,5% - Framsóknarflokkur

5,3% - Frjálslyndi flokkurinn

3,3% - Borgarahreyfingin

0,4% - Lýðræðishreyfingin

Vinstrihreyfingunni - grænu framboði (jöfnunarsæti)

Sex af þessum níu þingmönnum koma nýir sem fullgildir inn á Alþingi: Ásbjörn, Gunnar Bragi, Ólína, Guðmundur, Ásmundur Einar og Lilja Rafney, en hún hefur reyndar áður verið varaþingmaður og tekið sæti á þingi. Aðeins Jón Bjarnason, Guðbjartur Hannesson og Einar K. Guðfinnsson áttu fyrir sæti á þingi. Ásmundur Einar Daðason, búfræðingur og bóndi á Lambeyrum í Laxárdal í Dölum, er yngstur þingmannanna eftir þessar kosningar, 26 ára.

Nokkuð var um útstríkanir á kjörseðlum í NV-kjördæmi en hvergi nærri því í líkingu við það sem gerðist í öðrum kjördæmum. Flestar útstríkanir fengu Ólína Þorvarðardóttir hjá Samfylkingu (um 170 útstríkanir), Jón Bjarnason hjá Vinstri grænum (um 150 útstríkanir) og Ásbjörn Óttarsson hjá Sjálfstæðisflokki (rúmlega 90 útstríkanir). Þessar útstríkanir breyta engu um röð þingmannanna.



Fyrsti kjósandinn á Ísafirði á laugardag, Guðjón Finndal Finnbogason.

Stoðvirki ávallt öruggari varnarkostur

Stoðvirki ásamt þvergarði er besti kosturinn við snjóflóðavarnir í Holtahverfi á Ísafirði, að mati framkvæmdaaðila. Til að tryggja ásættanlegt öryggi íbúa yrði þvergarður án uppsetningar stoðvirkja að vera um 400 m langur og allt að 23 m hár. Afar þröngt væri um garð af þessari stærð, nálægð hans við fjallshlíð Kubbands mikil og enn fremur myndi hann skerða búsetuskilyrði verulega í Stórholti 7 og að einhverju leyti í húsi við Kjarrholt 2.

Þetta kom fram í svörum framkvæmdaaðila fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Kubba í Skutulsfirði við þeirri athugasemd Umhverfisstofnunar, að framkvæmdir við stoðvirki í hlíðum Kubba ofan þvergarðs muni hafa neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og nauðsynlegt sé að kannaðir verði aðrir möguleikar, svo sem umfangsmeiri þvergarður án stoðvirkja. Í svörum framkvæmdaaðila kemur fram, að uppsetning upptakastoðvirkja sé ávallt öruggari varnarkostur en bygging varnargarða og sé alltaf fyrsti kostur þar sem ákveðin óvissa ríki um virkni varnar-

garða. Uppsetning þvergarða sé hins vegar í mörgum tilvikum eina færa leiðin til þess að verja byggð.

Í matsskýrslu kemur fram að ýmsir kostir að varnarkostum hafi verið skoðaðir í ferlinu, m.a. sá kostur að ráðast í uppkaup húsa sem væru á skilgreindu hættusvæði snjóflóða. Fram kemur að uppkaup húsa sé að mati framkvæmdaaðila ekki ásættanlegur kostur vegna óvissu um ráðstöfun þeirra húsa, röskunar íbúa, neikvæðra áhrifa á mynd Holtahverfis og kostnaðar.

Stefnt er að því að framkvæmdum við snjóflóðavarnirnar muni ljúka árið 2011 og uppgræðslu árið 2012. Reiknað er með að uppsetning stoðvirkja taki 2-3 ár. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við varnirnar á þessu ári og áætlað að framkvæmdum við uppbyggingu varnargarðs verði að mestu hægt að ljúka á einu ári og síðan uppgræðslu og frágangi á tveimur árum þar á eftir. Áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar er um 810 milljónir króna.

thelma@bb.is

Sigurður Atlason formaður Ferðamálasamtakanna

Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri Strandagaldurs, var kjörinn formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða á aðalfundi samtakanna sem haldinn var á Drangnesi. Hann tekur við af Sævari Pálssyni frá Hótel Flókalandi, sem gegnt hefur formennskunni undanfarin fjögur ár eða frá aðalfundi samtakanna á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði árið 2005. Sævar gaf kost á sér til setu í stjórninni til eins árs og situr því áfram í henni.

Ný inn í stjórnina komu Sigurður Arnfjörð frá Hótel Núpi í Dýrafirði og Ester Rut Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Melrakkaseturs Íslands í Súðavík. Áslaug S. Alfreðsdóttir frá Hótel Ísafirði situr áfram í stjórn ásamt Birni Samúelssyni frá Eyjasiglingum á Reykhólum, en þau voru kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi á Reykhólum fyrir ári. Keran Stueland Ólason frá Ferðapjónustunni í Breiðavík gaf aftur kost á sér í stjórnina og var kjörinn á ný.

Um fjórutíu manns sátu sjálfan aðalfundinn og í tengslum við hann var jafnframt haldið mál-

þingið Börn og ferðalög. „Málþingið var gríðarlega vel heppnað“, segir Sigurður Atlason. „Þarna vorum við að fjalla um börn og ferðalög frá ýmsum sjónarhornum. Ég er sannfærður um að þetta hefur verið góð vitanátturátt í hugarfylgsni fólks til að sjá að það er ekki svo flókið að huga að börnum og hvað hægt er að gera til að þau njóti ferðalagsins betur. Það er svo margt í umhverfinu sem við höfum en þurfum aðeins að opna augun fyrir. Ævintýrin eru að finna út um allt og margir vestfirskir ferðapjónustuaðilar hafa verið er að velta fyrir sér hvernig best sé að stuðla að enn betra fríi fyrir fjölskyldufólk á ferð um Vestfirði.“ Sex fyrirlesarar höfðu framsögu á málþinginu og fjölluðu um börn og ferðalög út frá mörgum sjónarhornum.

Á aðalfundinum var nokkur umræða um Markaðstofu Vestfjarða og segir nýkjörinn formaður að Ferðamálasamtökin ætli sér undir nýrri stjórn að halda áfram að styðja hana af öllum krafti. „Það kom fram að nokkrar



Sigurður Atlason.

blikur eru á lofti með fjármögnun Markaðsstofunnar á næsta ári og stjórn FMSV mun styðja að fullu við bakið á forstöðumanni Markaðsstofunnar við að koma mál-efnum hennar á framfæri. Markaðsstofa Vestfjarða er mikilvægt tæki sem við eigum og við ætlum okkur að halda áfram að standa vörð um hana.“

Myndlist á sviði með ljós í stað lita

Ísfirðingurinn Friðþjófur Þorsteinsson er ungur og upprennandi ljósahönnuður og nemur fagið um þessar mundir við The Central School of Speech and Drama í London. Þrátt fyrir að vera enn í námi hefur hann unnið við sýningar af ýmsu tagi, jafnt innan skóla sem utan. Áhuginn kviknaði þegar hann vann við sýningu Litla leikklúbbsins og Tónlistarskóla Ísafjarðar á Oliver! fyrir áratug. Og nú er hann kominn heilan hring, en fyrir jól tók hann þátt í einni stærstu West End uppfærslu síðari ára á sama verki, sem skartaði til að mynda hinum heimsþekta Rowan Atkinson í hlutverki Fagins.

– Hvað hefurðu lengi verið við nám í London?

„Við kærastan mín, Kristín Halla Kristinsdóttir, fluttum saman út í lok september 2007, svo ég er búinn að vera hér í bráðum tvo vetur. Vegna fyrri reynslu fékk ég reyndar að hefja nám á öðru ári og er því að ljúka þriggja ára námi í sumar. Seinustu önninni lýkur í byrjun júlí en útskriftarathöfnin sjálf fer reyndar ekki fram fyrr en í byrjun desember.“

– Hvernig kom það til að þú fórst út í ljósahönnun?

„Áhugi minn á ljósahönnun vaknaði í samstarfi með Sveinbirni Björnssyni í Litla leikklúbbum fyrir um tíu árum við uppfærslu á söngleiknum Oliver! eftir Lionel Bart. Upp frá því fór ég að taka þátt í uppfærslum á Ísafirði með LL, leikfélagi Menntaskólans, leikfélagi Grunnskólans, ég lýsti klassíska tónleika í Hömrum og fór yfir á Suðureyri og vann með Hallvarði súganda, svo þetta byggðist smám saman upp. Samhliða þessum áhuga mínum setti ég mig í samband við ljósahönnuði við atvinnuleikhús landsins, einkum Lárus Björnsson núverandi ljósameistara Þjóðleikhússins.

Tveimur árum eftir að ég útskrifaðist úr Menntaskólanum á Ísafirði flutti ég svo til Reykjavíkur og fékk fyrir tilviljun starf við Borgarleikhúsið, en Lárus var ljósameistari hússins þá. Það var virkilega skemmtilegt tímabil þar sem ég starfaði ekki bara við öll verk, heldur við nánast hverja einustu sýningu á stóra sviðinu sem ljósamaður og dálítið sem sviðsmaður líka. Eftir það leikár, 2005 til 2006, tók Lárus svo við starfi ljósameistara Þjóðleikhússins og þar starfaði ég stutt haustið 2006. Þá var ég reyndar kominn inn í Central og fór út til náms um haustið 2007. Ég starfaði mikið með Lárusi bæði við leik-sýningar í báðum húsum svo og við Íslenska dansflokkinn, þar

sem hann hannaði fyrir þau – en þau eru einmitt til húsa í Borgarleikhúsinu.

Hvernig ég fann skólann sjálfan er svo dálítið önnur saga. Ég hafði að gamni verið að leita að skólum þegar ég var í MÍ og rakst á heimasíðu Central fyrir tilviljun. Ég skoðaði þetta eitt-hvað, en svo þegar ég spurðist fyrir meðal leikhúsfólks í Reykjavík hvað væri nú viturlegt og hvað ekki var minnst á ýmislegt. Central var þar á meðal og svo Bristol Old Vic. Ég sótti svo ekki um fyrr en fjórum eða fimm árum seinna og í millitíðinni reikaði hugurinn til Skandinavíu, bæði til Danmerkur og sérstaklega Finnlands. Ég heimsótti einmitt skóla í Finnlandi, en svo þegar ég fór aftur að skoða skóla í Bretlandi kom þessi skóli fyrir alvöru upp, svo ég sló til og sótti um.“

„Við sjáumst svo seinna“

– Er erfitt að fá inngöngu í þennan skóla?

„Central er langstærsti leiklistarskóli Bretlands með um þúsund nemendur, og sennilega með þeim stærstu í Evrópu. Það þýðir auðvitað að það eru fleiri pláss í boði, en að sama skapi er mikil ásókn. Ég man að þegar við vorum boðin velkomin fyrsta daginn minn var okkur sagt að það væru 40 manns um hvert sæti í skólanum. Mig grunar reyndar að þetta sé meðaltal og að það séu mun fleiri um sæti í leikdeildinni heldur en hönnunar- og tæknideildum, en það er engu að síður töluverð ásókn. Leiklist er auðvitað gífurlega stór og mikill bransi hér í Bretlandi og London er þekkt um allan heim fyrir leiklistarlíf sitt. Fyrir vikið er mikið um erlenda nemendur sem sækja skólann og ljósahönnunarnemar á mínu ári eru frá Bandaríkjunum, Spáni og Íslandi og svo einn frá Bretlandi auðvitað.

Eftir að ég sótti um var mér boðið í viðtal en ég komst reyndar ekki þegar þau voru skipulögð. Mér var sýndur mikill skilningur og ég fékk að koma tveimur vikum seinna. Þá átti spjall við Nick Moran, lektor í ljósahönnun, og Karl Rouse, lektor í gjörningalist, og eftir það sýndi Nick mér skólann. Göngutúrinn lá hátt og lágt um bygginguna, endaði svo á tröppum fyrir framan skólann og þar sagði hann: „Við sjáumst svo seinna“. Hann átti þar með við að ég hefði fengið inngöngu og það var mjög skemmtileg tilfinning. Þetta var hálf dramatískt augnablik þar sem hann skildi mig eftir á tröppunum fyrir fram-



Ljósmynd: Dan Marsden.

an skólann, en í þær eru meitluð nöfn heimsfrægra útskriftamema, svo þetta var í stíl við fagið.

Undanfarin tvö ár hef ég reyndar aðstoðað við inntökuviðtöl öðru hvoru, en skólinn gengur mikið út á samstarf meðal nemenda og okkur er bæði treyst fyrir því að segja dómnefndum okkar álit á nemendum svo og að segja nemendum almennt frá skólanum. Það er gaman að fá að sjá hvernig viðtölin fara fram á formlegan hátt, þar sem ég fékk sjálfur mjög óformlega meðferð, og það er þó nokkur samkeppni. Fólk kemur hvaðanæva að, hefur allt mismunandi hugmyndir um sín fög en keppist að sama skapi að sama marki.


Einnig er gaman að því að þegar ég hef fylgt tilvonandi nemendum um skólann, að sjá viðbrögð þeirra við aðstöðunni sem skólinn býður upp á. Oft eru þetta krakkar sem eru jafnvel búnir að sækja um í fjórum-fimm skólum, hafa farið í viðtöl og kynnisferðir um alla hina og sjá svo Central. Þau minnst flest á hvað Central er framúrskarandi vel búinn og hvernig námskerfið sem skólinn byggir á hljómar vel. Ég hef auðvitað engan sam- anburð sjálfur og er kannski dálítið hlutdrægur.

Skólinn var reyndar valinn Centre of Excellence in Theatre Training (CETT) sem er partur af verkefni sem breska ríkisstjórnin stóð fyrir. Þá var einn skóli í hverju fagi valinn sem „Centre of Excellence“ og fékk fyrir vikið fjárstyrk og stuðning til að viðhalda þeim gæðastaðli. Mikil áhersla er lögð á fagleg og vandvirk vinnubrögð innan skólans og ég hef fundið það í starfi mínu utan skólans að mörg af þeim vinnubrögðum sem eru kennd við skólann og við teljum sjálfsgöð eru ekki alltaf iðkuð í leikhúsunum.“

Blanda af sjónrænni list og tæknilegri framkvæmd

Friðþjófur hefur unnið við þó nokkrar sýningar í tengslum við skólann, sem og utan námsins.

„Það er stór partur af náminu að setja upp sýningar af ýmsum stærðum og gerðum til að reyna á og auka við þekkingu okkar. Innan skóla hef ég meðal annars tekið þátt í brúðuleiksýningu, blöndu af leik og brúðuleik, gjörmingalist (performance art), svæðismiðuðum leiksýningum (site specific) og líkams- og hreyfitengdu leikhúsi (movement and physical theatre) – fyrir utan svo hefðbundið leikhús, svo sem gamanleiki og söngleiki. Utan skóla hef ég svo verið sérlega heppinn og fengið dálítið af launuðum verkefnum. Það er bolti sem getur verið mjög erfitt að koma af stað, en þegar hann



Úr dansverkinu Dirty dancing.

svo fer að rúlla gerast skemmtilegir hlutir. Seinustu önn eyddi ég til að mynda utan skóla og vann við fjórar sýningar, en þar af voru tveir dansviðburðir, eitt dansverk og eitt leikverk. Þær fóru fram vítt og breitt um borgina, m.a. í kirkju á Leicester Square í miðri borginni. Þessi verkefni fékk ég svo metin til námsins þar sem þau voru í eitt við námsáætlun annarinnar.“

– Er mikill munur á því að lýsa t.d. dansverk og leikverk?

„Það er í raun munur á milli einstakra verkefna, hvort þau eru leikverk, dansverk, tónleikar eða hvað sem er. Hvert verkefni hefur eitthvað einstakt fram að færa, en oft eru að vísu ákveðnar venjur í tengslum við tiltekna tegundir af verkum. Oft í leikverkum byggir sýningin á texta handritsins en í dansi er viðfangsefnið oft abstrakt og sömuleiðis sett fram abstrakt. Í sumum tilfellum segja danshöfundar jafnvel að það sé ekkert sérstakt viðfangsefni, heldur bara hreyfingar í tíu mínútur og svo er þetta búíð. Fyrir vikið er dans klárlega mun meiri áskorun og oft erfiðari.“

– Finnst þér þá skemmtilegra að vinna við danssýningar?

„Jah, já og nei. Þetta eru það ólík viðfangsefni. Ég kann vel við hvort tveggja, leikhús og dans. Ljósahönnun fær oft mun meira rými innan dansverka en leikverka. Svo má auðvitað ekki gleyma tónleikum, óperu og öllum undirtegundum þessa listforma.“

– Hvað var það við ljósahönnunina í upphafi sem vakti áhuga þinn?

„Þetta spratt klárlega af tækni-

legum áhuga. Tæknilega felst mikið skipulagning og tæknipækking í því að setja upp ljósakerfi og í stórum leikhúsum geta þau verið ótrúlega flókin. Maður getur alveg verið viss um að eitthvað bilar í hverri viku, ef ekki á hverjum degi. Ætli þetta hafi ekki rímað við tölvuáhuga minn. Þetta hefur svo þróast yfir í mun listrænni hugmyndafræði. Ljósahönnun er sterk blanda af einmitt tæknimálum og sjónrænni list. Henni er oft líkt við hefðbundna myndlist þar sem sviðið er striginn og í stað pensla og litapallettu höfum við ljós og litafilmur. Viðfangsefnið er mótað af teymi listrænna stjórnenda (leikstjóra, leikmynda hönnuði, ljósahönnuði o.s.frv.) og þó maður ráði kannski ekki hvað sést, þá ráðum við oft hvernig það sést og hvað sést ekki.“

Tók þátt í stórrí West End sýningu

Starfsnám er stór þáttur í námi Friðþjófs en hann fékk tækifæri til að fylgjast með starfi Konunglegu óperunnar annars vegar og heimspektum aðilum færa á svið stóran söngleik hins vegar, í hinu fræga West End leikhúsa hverfi.

„Okkur er uppálagt að verða okkur úti um starfsnám og það getur verið af ýmsum toga. Ég hins vegar datt heldur betur í lukkupottinn, að mér finnst, en ég setti mig í samband við virtan ljósahönnuð og fékk að fylgjast með vinnu hennar við eina stærstu West End uppfærslu síðari ára - einmitt á söngleiknum Oliver! Þannig má segja að ég hafi á

næstum sléttum tíu árum farið hringinn, frá Félagheimilinu í Hnífsdal og yfir á Vesturendann. West End, fyrir þá sem ekki þekkja til, er leikhúsa hverfi í London líkt og Broadway er í New York. Þar eru yfir fimmtíu svokölluð West End leikhús en í þeim eru einkum sett á svið langlíf kassastykki fremur en „listrænni“ leikverk, nú eða dans. Inni á milli er svo aragrúi af minni leikhúsum.

Áður en ég fékk að fylgjast með Oliver! eyddi ég tveimur vikum hjá ljósadeild Konunglega óperuhússins í Covent Garden – en það er reyndar nánast í næsta húsi. Vinnan sem þar fer fram er á enn stærri skala en svona stórar West End uppfærslur og vinnan er mun hraðari. Hús eins og þessi keyra repertoire kerfi, sem kallað er. Þar eru sýningar sem skapaðar eru í húsinu geymdar sem hluti af verkefnaskrá hússins og sumar eru tuga ára gamlar – jafnvel yfir hundrað ára. Hvert tímabil samanstendur svo af nokkrum sýningum þar sem skipt er um milli daga. Meðan ég var þarna var meðal annars verið að setja saman leikmynd frá 1970 fyrir sýningu sem áður hafði verið sett upp. Sýningin var reyndar töluvert eldri og hafði þessi leikmynd leyst af aðra frá því um 1890.

Leikhúsið sem Oliver! var sett upp í, Theatre Royal á Drury Lane, rúmar um 2.200 manns og er eitt af elstu og stærstu West End leikhúsunum. Það að fá að fylgjast með svona stórskotaliði setja á svið svona stóra uppfærslu er ótrúlega merkileg reynsla og einstakt tækifæri. Þessi uppfærsla var framleidd af einum helsta framleiðenda söngleikja í heiminum, Cameron Mackintosh, sem reyndar útskrifaðist úr Central fyrir mörgum árum. Hann framleiddi Oliver! áður, eða fyrir fjórtán árum, og var leikmynd núverandi framleiðslu að mestu sú sama og frá hinni eldri. Stórskotalið var í brúnni og leikstjórnin, Rupert Goold, var þeirra yngstur, en er að mér skilst rísandi stjarna. Leikmynda hönnuðurinn, Anthony Ward, er einn af stærstu leikmynda hönnuðum landsins, og danshöfundurinn, Matthew Bourne, er lifandi goðsögn í dansheiminum – og án efa sá stærsti hér í Bretlandi. Meðal leikara var svo Rowan Atkinson sem Fagin.

Ljósahönnuðurinn, Paule Constable – sú sem ég var einna helst að fylgjast með, er margverðlaunuð fyrir verk sín, en hún hlaut til að mynda bresku leiklistarverðlaunin fyrir lýsingu nú í febrúar, og ekki í fyrsta skipti. Hún er sömuleiðis lifandi goðsögn meðal ljósahönnuða, hefur skapað sér afar sérstakan stíl og fer gjarnan ótroðnar slóðir. Hún sagði mér að hún teldi sig ekki beinlínis á heimavelli í West End leikhúsi, þar sem hún vinnur

meira við óperur, dans og við kvæmari leiksýningar, ef svo má segja. Stíllinn hennar er víðs fjarri hefðbundnum söngleikjálýsingum, en hún er ótrúlega eftirsótt. Ef hún er ekki að lýsa fyrir stór óperuhús eða leikhús hér í Bretlandi, þá er hún í Þýskalandi, Frakklandi, Bandaríkjunum eða Ástralíu – og víðar. Hennar sýn og hugmyndir hafa verið mér mjög dýrmætur skóli.“

– Opnar það ekki dyr fyrir þér í framtíðinni að hafa unnið með slíkum kanónum?

„Það hefur klárlega hjálpað mér við að fá verkefni að nefna Paule Constable þó ég komi sennilega seint til að starfa með henni sjálfri. Auðvitað byggist svo upp úr þessu þekking og reynsla sem nýtist mér síðan í starfi.“

Þörfin fyrir að skapa sterk

– Hvað stendur til að námi loknu, ætlarðu að koma heim eða ætlarðu að vinna úti í Bretlandi?

„Í nánustu framtíð liggur fyrir vinna við sýningu sem sýnd verður í Wimbledon og verður svo á hátíð í Brighton á suðurströnd Englands, auk smá tæknivinnu við hitt og þetta. Ég hef starfað dálítið við The Battersea Arts Centre í suðvesturhluta borgarinnar. Um þessar mundir eru Konunglegi Shakespeare leikhópurinn í samstarfi við listamiðstöðina, Bristol Old Vic og leikhóp sem heitir Kneehigh að fara að sýna þar leikna nútíma-útgáfu af Don Giovanni eftir Mozart. Þar er í aðalhlutverki Gísli Örn Garðarsson, sem einkum er þekktur úr leikhópnum Vesturporti.

Hvað lengra horfir hafði ég upphaflega hugsað mér að sækja mér menntun og færa hana heim – en nú er ástandið auðvitað eins og það er. Kærastan mín var nýútskrifuð úr stjórn málafræðum frá HÍ þegar við fluttum út og starfar nú fyrir íslenska sendiráðið núna, svo hún unnið sér mjög vel og ég sömuleiðis.

Mér hefur gengið ágætlega héra úti og er alveg til í að freista gæfunnar hér um sinn. Það er auðvitað freistandi að sækjast eftir starfi við eitthvert óperuhúsið sem tæknimaður, en slíkt felur í sér fast starf, fasta tíma og fast kaup. Það eru mun meiri kröfur gerðar til hönnuða, einkum af því að það er lítið á þá sem listamenn. Ég unnið mér hins vegar mun betur sem tæknimaður og þörfin fyrir að skapa og vinna með öðrum að þeim listaverkum sem sviðslistir geta verið er sterk. En það er líka hætt við að festast sem tæknimaður, jafnvel í augum annarra, en svo er hætt við því að svelta sem listamaður – svo þetta er mjög fin lína.“ – *thelma@bb.is*

Spurningin

Telur þú að stjórnálagamenn ráði við efnahagsvandann?

Alls svörðuðu 535.
Já sögðu 82 eða 15%
Nei sögðu 379 eða 71%
Óvíst sögðu 74 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Ákveðin austanátt með rigningu, en úrkomulítið norðanlands. Lítil breyting á hitastigi.

Horfur á laugardag: Útlit fyrir norðlægar eða breytilegar áttir með vætu.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir norðlægar eða breytilegar áttir með vætu.

Það er ódýrara að vera áskrifandi!

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar 456 4560 og 867 7802, birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasóluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorku- líffeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

10% niðurskurður á næsta ári

Heilbrigðisráðherra vill eiga gott samstarf og samráð við starfsfólk stofnana um framtíð starfa innan heilbrigðisþjónustunnar, að því er fram kom í máli hans á fundi með trúnaðarmönnum verkalýðsfélaga innan heilbrigðisþjónustunnar sem Finnbogei Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Kristín Sigmundsdóttir trúnaðarmað-

ur á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík sóttu. „Ráðherra var í því sambandi minntur á að hann þyrfti að eiga gott samráð við fjármálaráðherra, það væri jú við hann sem stéttarfélagin þyrftu að gera kjarasamninga vegna starfsfólks á heilbrigðisstofnunum,“ segir á vef Verkvest.

Þá kom ráðherra einnig inn á að sjaldan eða aldrei hafi verið

mikilvægara að standa vörð um heilbrigðisþjónustuna og hvatti til samstöðu allra sem innan hennar vinna. Hann sagði 6,7 milljarða niðurskurður sem hefði verið boðaður í heilbrigðismálum, kæmi niður á þjónustu við sjúklinga. Einnig minnti hann á að 10% boðaðan niðurskurður á næsta fjárlagaári. Ráðherra kom vandlega inn á að niðurskurðurinn ætti að

byrja ofan frá en ekki á gólfinu.

„Hann var minntur á að niðurskurður næði sjaldnast upp fyrir gólflistana, og var þar verið að benda á að oftast væri byrjað að spara í ræstingunni og í lágláunastörfunum. Ráðherra svaraði því til að sérstökum tilmælum hefði verið beint til stjórnenda stofnana að skera frekar niður hjá herra launuðum,“ segir á vef Verkvest.

Styrktarsjóður verslunarmanna hefur orðið fyrir verulegum búsisfjum

Styrktarsjóður verslunarmanna í Ísafjarðarbæ hefur orðið fyrir verulegum búsisfjum vegna bankahrunnsins. Auk fjármuna sem bundnir eru á bankareikningum átti félagið hlutabréf í bankastofnunum frá fyrri tíð. Þessi bréf eru verðlaus í dag og félagið á

nær eingöngu eftir bankainnstæður. Sjóðurinn hóf reglulega starfsemi á ný árið 1997 eftir langt hlé og hafa eignir í hlutabréfum sveiflast verulega á þeim árum eða allt niður í 2,5 milljónir króna árið 2001 og upp í 11,4 milljónir króna árið 2006.

Bókfærð eign félagsins í árslok 2008 var um ein milljón króna. Styrktarsjóðurinn er félagsskapur sem stofnaður var árið 1890, en hefur tekið breytingum á nafni og tilgangi til samræmis við þarfir nýrra tíma. Starfsemi sjóðsins lá að mestu niðri frá miðri síðustu

öld en var endurvakinn sem fyrr segir árið 1997 og hefur staðið fyrir ýmsum styrkveitingum á liðnum árum.

Í stjórn sjóðsins eru Gísli Jón Hjaltason og Guðmundur Kjartansson auk Gylfa Guðmundssonar. – birgir@bb.is

Ritstjórnargrein

„Markvíst, sleitulaust strit“

Þegar verkalýðshreyfingin á Íslandi fylkir liði að morgni fyrsta maí eru aðstæður í þjóðfélaginu sem vart verða metnar til samburðar við fyrri tíma viðfangsefni. Flest er líka með öðrum hætti en áður; viðfangsefni flóknari og yfirgrípsmeiri og umhverfið gjörólíkt.

Á átaka fundi í verkalýðsfélaginu Dagsbrún í Reykjavík, í febrúar 1938, komst einn af þekktustu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar fyrr og síðar, Djúpmaðurinn Jón Baldvinsson, svo að orði: „Eðli verkalýðshreyfingarinnar er ekki skyndiupphlaup, hávaðafundur og æfintýri, heldur markvíst, sleitulaust strit fyrir málefnum sjálfum.“

Þrátt fyrir oft á tíðum harðvítug átök stríðandi afla dylst fáum að þessi skilgreining á eðli verkalýðsbaráttunnar er rétt. Sagan ber þess glöggt vitni að öll þau svokölluðu mannréttindi sem við búum við í dag hafa áunnist á lögnum tíma og með þrotlausri baráttu.

Fátt er svo með öllu illt að ekki leiði til einhvers góðs. Búandi við alþjóða fjármálakreppu eru augu ráðamanna tekin að opnast fyrir misréttinu sem ríkt hefur við skattlagningu þegnanna; hvernig hluti þeirra hefur með misjöfnum hætti komist undan lögboðnum skyldum við samfélagið. Eitt er að menn nýti sér hriplegt skattkerfi, annað

eru ólögmet undanskot frá skatti. Um þá iðju hefur leiðarahöfundur Morgunblaðsins komist svo að orði: „Skattsvikarar eru að stela frá samborgurum sínum.“ Fagnaðarefni er að ráðamenn á alþjóðavettvangi virðast vera að ná samstöðu um að uppræta svokallaðar „skattaparadisir.“ Draumurinn um „íslensku skattaparadisina - skattaskjól auðmanna“ sem átti að gera okkur að auðugustu þjóð veraldar með skjótum hætti er þar með vonandi kominn í félagsskap fyrri tíma uppvakninga, sem kveðnir voru niður með slíkum hætti að þeirra er ekki von framar.

Tekjuskatturinn í núverandi mynd er sérskattur á launþega. Við þær aðstæður sem nú eru uppi, þegar á brattan er að sækja með launahækkunar og skattahækkunar sagðar í sjónmáli, hlýtur leiðrétting á skattakerfinu að vera brýnt verkefni.

„Hortittirnir“ í skattakerfinu, eins og einn af fyrrum forsætisráðherrum vorum kaus að kalla vankantana, eru ófáir og fyrst og fremst til óþurftar þeim er minnst hafa umleikis. Að svo er enn sannar ásamt mörgu öðru að baráttan fyrir umbótum er „markvíst, sleitulaust strit.“

s.h.

KNH langt á undan áætlun



Frá framkvæmdasvæðinu: Ljós: www.vegagerdin.is.

Lagning Suðurstrandarvegjar hefur gengið einstaklega vel í vetur og er ísfrska verktakafyrirtækið KNH ehf. langt á undan áætlun. Ef verkaefnastaða fyrirtækisins breytist ekki mikið reikna menn jafnvel með að vegarkafllinn verði tilbúinn í september í haust. Samkvæmt útbóði átti hluti vegarins að vera tilbúinn á næsta ári og verki að fullu lokið 2011. Þá er eftir að ljúka kaflanum frá Krýsuvíkurvegi til Grindavíkur en hugsanlega verður sá kafli boðinn út síðar á árinu.

Verkið Suðurstrandarvegjar felst í nýbyggingu vegar á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tengingum við hann, smíði 12 m steyprar bitabúar á Vogsós neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótvannargarða, reiðstígs og girðinga.

Samkvæmt útbóði á undirbyggingu á Krýsuvíkurvegi vera lokið fyrir 1. júní 2009. Smíði brúar á Vogsós skal lokið fyrir 15. september 2010 og verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 15. september 2011.

Verkinu hefur miðað vel áfram frá því að samið var við KNH í september í fyrra. Unnið er alla daga frá sjö að morgni til átta á kvöldin, menn vinna sjö daga og eiga sjö daga frí þannig að verktaki er með tvö gengi sem skiptast á að vinna og vera í fríi.

Í umhverfismati má lesa meira um framkvæmdina en þar kemur meðal annars fram að megin-tilgangur vegarlagningarinnar er að byggja upp varanlega og örugga vegtengingu á milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir atvinnulíf og íbúa á þessum svæðum.

Lárus Mikael Íslandsmeistari í plús 91 kg flokki

Ísfríðingurinn Lárus Mikael Knudsen Daniélsson sigraði Gunnar Guðlaugsson, úr Hnefaleikafélagi Reykjavíkur, á Íslandsmótinu í ólympískum hnefaleikum sem fram fór í Reykjanesbæ í plús 91 kg flokki. Lárus er því Íslandsmeistari í þyngdarflokknum. Þjálfari Gunnars kastaði inn handklæðinu, sem á mannamáli þýðir að hann hafi stöðvað bardagann, í þriðju lotu. „Þannig séð var bardaginn frekar auðveldur fyrir mig. Ég ákvað að byrja frekar fast og sótti hart að honum. Ég þekkti ekkert til hans og vissi ekkert hversu öflugur hann væri. Þannig tók ég ekkert sénsinn á því að bíða og sjá hvað hann gæti,“ segir Lárus.

Fyrir mótið var Lárus ríkjandi meistari í mínus 91 kg flokki en ákvað að færa sig upp um þyngdarflokk fyrir þetta mót vegna þess hversu lítið hann náði að æfa fyrir mótið. „Það er ekkert svakalegur munur á þessum þyngdarflokkum, nema hvað að ég er frekar lágvaxinn í þeim flokki, það verður því erfiðara fyrir mig. Svo er ég líka aðeins seinni en þeir,“ sagði Lárus í samtali við bb.is fyrir mótið og sagðist ekkert vera búinn að æfa í vetur en byrjaði fyrir tveimur vikum að æfa. „Ég ákvað fyrir tveimur vikum að taka þátt. Ég ætlaði ekki að gera það en svo lét ég verða af því,“ sagði Lárus.

Lárus segir erfitt fyrir sig að hafa engan samburð við kepp-

endur sína á meðan hann æfir á Ísafirði. „Ég renni alltaf blint í sjóinn þegar ég fer á þessi mót. Maður er bara einn að æfa og fær enga hreyfingu inni í hring á móti öðrum keppendum. Það er svolítið óþægilegt,“ segir Lárus. Hann segir hnefaleikakappa fyrir sunnan taka honum fagnandi þegar hann mætir á mót og eru ekkert sárir þó hann mæti þangað og sigri þá, þrátt fyrir að geta ekki æft á móti neinum á Ísafirði. „Þeir eru alltaf hressir og það er finn móral í þessum geira,“ segir Lárus. Hann segir töluverðum vöxt í hnefaleikum fyrir sunnan og á Ísafirði séu nokkrir strákar að æfa sem vilja keppa í framtíðinni.

birgir@bb.is



Lárus Mikael Knudsen Daniélsson.

Sakamáli vísað frá vegna vanhæfis ákærandanda

Héraðsdómur Vestfjarða hefur vísað frá sakamáli vegna vanhæfis ákærandanda, sem var lögreglumáður við skyldustörf sem kærði mann fyrir að hafa bitið hann í höndina. Lögreglumáðurinn hafði hins vegar komið að rannsókn vegna kærðna á hendur þremur lögreglumönnum vegna meints harðræðis og illrar meðferðar í kjölfar handtöku hans sem var sama dag og bitið átti sér stað. Lögreglumáðurinn tók skýrslu af ákærða, lögreglu-

mönnum sem ákærðir voru auk þriggja annarra lögreglumanna vegna málsins. Rannsókn vegna kærðu ákærða var því að langmestu leyti í höndum lögreglumannsins í því máli. Hélt ákærði því fram að lögreglumáðurinn væri þess vegna vanhæfur til að gefa út ákæru gegn sér.

Ákærvaldið mótmælti kröfu um frávisun málsins og vísaði til þess að kærðu á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa

hans skuli vera beint til ríkissaksóknara sem fari með rannsókn málsins. Við meðferð slíkra mála geti ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hafi endranær. Það sé því lögbundin skipan mála að ríkissaksóknari rannsaki mál af umræddu tagi og slík rannsókn geti því ekki valdið vanhæfi ákærandanda.

Ákærvaldið benti jafnframt á að ákærandi hafi ekki stýrt rannsókn á kærðumáli ákærða. Það hafi annar saksóknari við

embætti ríkissaksóknara gert. Ákærandi hafi einungis tekið skýrslur af kærðu og vitnum samkvæmt fyrirmælum þess saksóknara. Hann hafi því engar ákvarðanir tekið í tengslum við kærðumálið.

Í dómsorði segir, að þó svo að gert sé ráð fyrir að embætti ríkissaksóknara fari með rannsókn mála vegna kærðu á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot sé það álit dómsins að vart fari saman að sami

saksóknari rannsaki meint brot starfsmanns lögreglu gegn einstaklingi og taki ákvörðun um saksókn á hendur þeim manni vegna sömu atvika. Þá opni það fyrirkomulag á þann möguleika að ákærandi verði af réttmætu tilefni kallaður til sem vitni í máli sem hann hefur höfðað. Að þessu virtu telst ákærandi hafa verið vanhæfur til að höfða málið og var af þeim sökum fallist á frávisunarkröfu ákærða.

thelma@bb.is

Fjórar milljónir í refinn

Heildarkostnaður vegna refaveiða hjá Súðavíkurhrepp árið 2008 var 1,3 milljónir króna. Landbúnaðarnefnd Súðavíkur leggur til að ráðinn verði útkallsaðili til að sinna útköllum fyrir hagsmunaaðila (æðarvarp – sauðfé) eins og undanfarin ár. Jafnframt verði sú breyting gerð á reglunum að Súðavíkurhreppur hafi heimild til að innheimta hjá útkallsaðila allt að 20% af heildarkostnaði vegna útkallsins.

Auk þess verður stuðst við þá meginreglu að ekki verði greitt fyrir fleiri en tíu hlaupadýr í hverjum firði sveitarfélagsins á ári hverju. Heildarkostnaður vegna minnkaðra hjá sveitarfélaginu árið 2008 var 2,7 milljónir króna. Landbúnaðarnefnd leggur til að gerður verði samningur um veiði á mink fyrir sumarið 2009.

Unglingum boðið á forvarnarnámskeið

VáVest-hópurinn er nú að hrinda af stað forvarnarkerfningu „Hættu áður en þú byrjar“ á norðanverðum Vestfjörðum. Hópurinn hefur staðið fyrir verkefningu frá árinu 2000 en þá hefur fyrirlesari heimsótt unglingastig grunnskólanna á svæðinu og að auki haldið fyrirlestra fyrir foreldra þessara barna. Að þessu sinni hefur VáVest-hópurinn ákveðið að breyta til og nálgast viðfangsefnið með öðrum og ólíkum hætti, þó markmiðið sé það sama, þ.e. vímuefnaforvarnir.

Innihald þessarar fræðslu fyrir nemendurna felst í stuttu máli í sjálfstyrkingu og að kenna þeim að standa með sjálfum sér. Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur fái tækifæri til þess að fræðast og velta upp ýmsu í sínu eigin fari og lífi. Þættir eins og samskipti, tilfinningar, þarfir, óskir, fyrirmyndir og framtíð verða teknir fyrir, sem og þeirra nánasta líf, fjölskylda, vinir og skóli/vinna. Fræðslan fyrir nemendurna er í formi umræðna, verkefna og leikja.

thelma@bb.is



Inn að beini

Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða

Jón Páll Hreinsson er forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða sem er samnefni fyrir alla almenna kynningu á Vestfjörðum. Hann er einnig formaður Héraðssambands Vestfirðinga og situr í stjórn Act alone hátíðarinnar sem haldin verður í ágúst.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Horfa á kallinn í hvíta sloppnum með hárnetið, sem var með hendur fyrir aftan að skoða rækjuvinnsluna í Miðfelli og hugsa.... „ef ég drullast ekki í skóla, þá kemst ég aldrei af bandinu og verð maðurinn sem skoðar rækjuvinnslur... með hendur fyrir aftan bak“.

Hvar langar þig helst að búa?

Á Ísafirði.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar ég sá börnin mín í fyrsta skipti.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Allar manneskjur hafa sinn persónulega harm. En ef ég á að nefna fjölmiðlahæf vonbrigði, þá verð ég að nefna 0-2 ósigur Liverpool fyrir Arsenal í lokaleiknum í enska boltanum árið 1989 og Arsenal hirti titilinn. Hræðilegt klúður.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Þegar ég fór að tala opinberlega og fann að fólk hlustaði, sumt allavega.

Uppáhaldslagið?

U2 – One.

Uppáhaldskvikmyndin?

Der Untergang er besta kvikmynd sem ég hef séð, en ekki sú hressasta.

Uppáhaldsbókin?

Sjálfstætt fólk, Bjartur í sumarhúsum er stórfengleg persóna.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Í vinnu minni sem forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða hef ég fengið tækifæri til að sjá Vestfirði frá ótal sjónarhornum, bæði á sumri sem vetri. Þetta er náttúrulega bara rugl hvað við búum á flottu svæði. Get engan veginn bent á eina ferð eða stað sem stendur upp úr.

Uppáhaldsborgin?

Ég bjó rétt við Osló í tvö ár og þykir vænt um Norðmenn og borgina.

Besta gjöfin?

Fyrir mörgum árum gaf Þuríður mér flugustöng sem mér þykir afar vænt um og mun nota út í hið óendanlega. En upphaldið held ég að sé lítill koddur sem dóttir mín saumaði fyrir mig og gaf mér í jólagjöf.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Gemsinn – því miður!

Fyrsta starfið?

Fyrsti launaseðilinn var frá bænum í bæjarvinnunni.

Draumastarfið?

Prófánir við raunaðstæður.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Engri, sem betur fer.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Vestfirðir.

Sköndnasta upplifun þín?

Ég man illa sköndna hluti langt aftur í tíman. En fyrir stuttu þegar ég fór í körfu í hádeginu, klobbaði ég Jóa Bæring. Það gaf mér mikið.

Aðaláhugamálið?

Ferðaþjónusta, fluguveiði, félagsmál, íþróttir, útivera, tónlist... maður margra áhugamála.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Þær eru margar finar. Í ferðaþjónustu hef ég alltaf verið hrifin af síðunni fyrir Grænland (<http://www.greenland.com>). Svo hef ég gaman af fluguveiði og www.thisisfly.com er hrikalega flott blað á netinu...hrikalega flott! En, ef allur heimurinn er undir, þá jafnast ekkert á við google. Öll þessi þjónusta sem er fri og ótrúlega gagnleg fyrir markaðsfólk um allan heim. Það toppar þetta enginn!

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Allavegana ekki „forstöðumaður“.

Hver er þinn helst kostur að þínu mati?

Samskiptahæfileikar.

En helst löstur?

Gleyminn.

Besta farartækið?

Hjól.

Hver er upphaldshátíðardagurinn þinn?

17.júní.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Mömmu og Pabba. Þeirra kynslóð hefur lykil að framtíðinni með sínum gildum og reynslu, þótt það lendi kannski í okkar verkahring að sjá um framkvæmdina. Ef bankamennirnir hefðu haft þeirra gildi, værum við ekki í þessu basli!

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ef ég þyrfti að breyta um nafn. Max Power.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Kvöldin.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Hrútur.

Lífsmottóið þitt?

Hress.

Ríkissjóður greiði tengigjöld vegna Hvalárvirkjunar



Hvalá í Ófeigsfjörð. Ljósmynd: © Mats Wibe Lund.

Haldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, og Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfirðinga, hafa sent áskorun til ríkisstjórnarinnar varðandi virkjun Hvalár í Ófeigsfjörð á Ströndum. „Undirritaðir beina eindregnum tilmælum til ríkisstjórnar Íslands að hún beiti sér fyrir að tengigjöld Hvalárvirkjunar verði greidd úr sameiginlegum sjóði

allra landsmanna, ríkissjóði. Forsenda þess að Hvalárvirkjun verði að veruleika á allra næstu árum er sú, að virkjunaraðilar þurfi ekki að bera tengikostnað virkjunarinnar við raforkuflutningskerfi Landsnets. Virkjun Hvalár mun skipta sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu og mannlíf á Vestfirðum og má m.a. benda á eftirfarandi þætti.

1. Fjöldi starfa á byggingartíma virkjunarinnar.
2. Að lokinni byggingu virkj-

unarinnar og tengingu hennar við raforkuflutningskerfi Landsnets á Ísafirði verður afhendingaröryggi raforku á Vestfirðum orðið ásættanlegt.

3. Með auknu framboði á tryggri raforku opnast nýir möguleikar í atvinnuuppbyggingu á Vestfirðum og má í því sambandi benda á gagnaver, en staðsetning þeirra á svæðum þar sem lítil hætta er á jarðskjálftum er eftirsóknarverð,“ segir í áskoruninni. *birgir@bb.is*

Ísafjarðarbær fékk fimm milljónir

Eitt hundrað milljónum króna hefur verið úthlutað til fjörutíu ferðaþjónustuverkefna um allt land, samkvæmt vef iðnaðar ráðuneytisins. Alls bárust 210 umsóknir um styrkina. Þjónustuhús við Akureyrarhöfn fékk

hásta styrkinn, 11 milljónir króna.

Ísafjarðarbær fékk fimm milljónir króna fyrir þjónustuhús á hjólum, Sjóráningjahúsið á Patreksfirði fékk tvær og hálf milljón og Skrímslasetrið á

Bíldudal eina milljón króna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaaætlun og er þeim ætlað að renna frekari stöðum undir uppbyggingu atvinnugreinarinnar á landsbyggðinni.

birgir@bb.is



Ísafjörður.

Ekki tekið nægjanlegt tillit til samkeppnisstöðu og jafnræðis

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur sent erindi til nefndar á vegum iðnaðarráðuneytis, sem fjallar nú um endurskoðun raforkulaga, þar sem þess er m.a. krafist að endurskoðað verði ákvæði laganna að leggja beri tengigjald á nýja framleiðendur eða kaupendur. Þetta ákvæði hamlar m.a. áformum um uppbyggingu Hvalárvirkjunar í Ófeigsfjörð. Stjórn FV fjallaði nýverið um nýja skýrslu Landsnets um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfirðum, en hún bendir til að staða afhendingaröryggis raforku á Vestfirðum hamli uppbyggingu nútíma atvinnulífs á Vestfirðum og hraða verði úrbótum sem gera flutningskerfið samkeppnishæft við aðra landshluta.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur óskað eftir fundi með Landsneti til að ræða efni skýrslu félagsins. „Með fyrirvara um að nýjar upplýsingar komi fram á þeim fundi telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að skýrslur Landsnets staðfesti, að afhendingaröryggi raforku á Vestfirðum er til muna verra en í öðrum landshlutum. Kostnaður sem af því hlýst er skerðing á búsetuskilyrðum og samkeppnisstöðu atvinnulífs á Vestfirðum“, segir í erindi stjórnar FV.

Þar segir einnig, að núverandi raforkukerfi og ákvæði raforkulaga sé mikill dragbitur á nýsköpun atvinnulífs á Vestfirðum. FV varpar fram þeirri skoðun að við stofnun Landsnets

hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til samkeppnisstöðu og jafnræðis íbúa með tilliti til stöðu flutningakerfisins. „Er hér vísað til að Landsnet tók yfir flutningskerfi á Vestfirðum, sem byggt var upp til að koma til móts við þarfir atvinnulífs og samfélags á áttunda og níunda áratugnum. Meginflutningslína var einnig lögð þar sem síðar kom í ljós að veðurálag er með því versta sem þekkist í flutningskerfinu.“

Stjórn FV segir Landsnet greina ágætlega núverandi stöðu og setji jafnframt fram hugmyndir um úrbætur á flutningskerfinu, meðal annars hugmyndir þar sem félagið telur að fari saman hagkvæm lausn fyrir sig og fyrir núverandi samfélag og atvinnulíf á Vestfirðum.



Fjórðungssamband Vestfirðinga er til húsa í Þróunarsetri Vestfirðinga.

„Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að þessar tillögur séu ekki að takast á við meginvanda

málsins og þær fela í sér skerðingu á jafnræði íbúa landsins.“ *thelma@bb.is*



Endurskoðandinn í Víkinni

Bolvíkingurinn Jón Þorgeir Einarsson hefur í níttján ár rekið endurskoðunarskrifstofu í Bolungarvík, sem heitir í dag Endurskoðun Vestfjarða ehf. Skrifstofan sinnir stórum viðskiptavinahóp sem teygir sig eftir öllum Vestfjörðum og út um allt land. Jón Þorgeir segir tæknina hafa gjörbylt endurskoðendastarfinu og sé því hægt að sinna viðskiptavinum alls staðar að með auðveldari hætti en áður. Hann útskrifaðist úr viðskiptafræði við Háskóla Íslands árið 1985 og tók löggildingarpróf árið 1988 eftir að hafa unnið þrjú ár á endurskoðendaskrifstofu Björns Steffensen og Ara Thorlacius. Sem ungur maður stefndi Jón á að fara í Stýrimannaskólann en úr varð að hann valdi endurskoðunina fyrir hálfgera tilviljun. Jón segir endurskoðunarstarfið vera fjölbreytt og skemmtilegt.

Hann fæddist árið 1962, fimmta barn hjónanna Einars Guðmundssonar og Ásdísar Svövu Hrólfsdóttur. Elsta barn þeirra var fimm ára þegar Jón Þorgeir fæddist og móðir hans aðeins 22 ára gömul. Systkini hans eru sex, Guðmundur, Hrólfur, Daðey Steinunn, Soffía Þóra, Jóhanna

og Hólmfríður. Þau búa öll hér fyrir vestan nema Hólmfríður sem býr í Rotterdam.

Jón Þorgeir er giftur Sigrúnu Sigurðardóttur, bókasafnsfræðingi úr Vík í Mýrdal, og saman eiga þau þrjú börn, Ingibjörgu Þórdísi, Elías og Nikulás. Jón Þorgeir telur það hafa verið forréttindi að alast upp í Bolungarvík. Frelsið var algjört og sumrunum var eytt í að veida, spila fótbolta og í alls kyns skemmtilega útileiki. Á veturna voru skíðin brúkuð upp á gamla mátann í lautunum í Bolungarvík. Mikil skáklíf var í Bolungarvík á þessum árum og eyddi Jón Þorgeir mörgum stundum við að tefla í Sjómannastofunni í Bolungarvík.

Faðir hans var á þeim tíma í sumarútgerð með Vagni Hrólfsyni, bróður Ásdísar, en á veturna vann hann í landi við slægingu hjá Íshúsfélagi Bolungarvíkur hf. Móðir hans vann í rækjuvinnslu, sem stundum var unnin á næturna í vaktavinnu. „Seinna gerðist pabbi verkstjóri í Íshúsfélagi Bolungarvíkur, á uppgangarárum þess fyrirtækis.“

Jón Þorgeir segir foreldra sína þurft að hafa mikið fyrir að eiga

ofan í sjö manna systkinahóp og var iðulega mikið líf og fjör á heimilinu. „Við systkinin byrjuðum snemma að vinna. Byrjuðum mjög ung að hnýta á og eignuðumst þannig pening, sem aðallega fór í jóla- og afmælisgjafir. Jólin á bernskuheimili okkar að Völusteinsstræti 13 í Bolungarvík vekja hjá mér margar ljúfar minningar. Mjög mikið tilstand og tilhlökkun svona einn til tvo mánuði fyrir jólin. Húsið er ekki stórt, einungis 105 fermetrar, en þar bjuggum við til 1973, níu manna fjölskylda og oft aukafólk með.“

Jón Þorgeir var átta ár í Grunnskóla Bolungarvíkur. Fólk fjölgaði mikið í Bolungarvík á árinu 1976. Í bæinn fluttust fjölskyldur sem m.a. áttu börn í árgangi 1963, sem gerði þann bekk of fjölmennan. Þá var brugðið til þess ráðs að færa nokkra nemendur yfir í 1962-bekkinn, sem þá var orðinn of fjölmennur. „Við samþykktum nokkur að færa okkur yfir í 1961-árganginn, fórum sem sé beint úr 7. bekk í 9. bekk, sem var síðasti bekkurinn. Það voru mikil viðbrigði fyrir mig. Þá lenti ég í bekk með Soffíu Þóru systur minni. Í dag myndi ég ekki ráð-

leggja þessa aðferð. Þetta var erfitt, sérstaklega út af tungumálanáminu. Ég hef aldrei verið mikill tungumálamaður,“ segir Jón Þorgeir, en hann var einmitt í fyrsta árganginum sem tók samræmd próf, þ.e. árið 1977. „Ég man vel eftir enskuprófinu. Það var krossapróf. Komið var inn með útvarp og kona byrjaði að tala á ensku. Ég skildi ekkert, notaði úllen dúllen doff aðferð á næstum allt prófið,“ segir Jón og hlær.

„Það var mjög mikil vinna í Bolungarvík á þessum árum. Menn vantaði oft í beitningu og við strákarnir vorum oft að beita niðri í beitningaskúr. Fyrir kom að reynt var að fá fri í skólanum fyrir okkur svo hægt væri að redda beitningu.“

Fimmtán ára í Verzló

Fimmtán ára gamall fer hann suður í Verzlunarskóla Íslands. „Ég var mjög mikill krakki í mér þegar ég flutti suður, líklega höfðinu styttri en ég er í dag. Ég tók eftir því, þegar ég hóf námið, að ég var fremri en flestir bekkjarfélagar mínir í stærðfræði. Það þakka ég mjög góðum kennara

okkar í Bolungarvík, Guðmundi heitnum Sigmundssyni. Ég var eins og fyrr segir, frekar lélegur í ensku, held ég státi líklega af þeim vafasama heidri að vera einn sá lélegasti í ensku sem inn í Verzlunarskólann hefur stigið. En með mjög mikilli vinnu tókst mér að stíga þar út sem rúmlega meðalmaður í tungumálinu.“

Fyrsta árið í Reykjavík leigði hann með Daðeyju Steinunni systur sinni og Hrólfi Vagnssyni frænda sínum. Hann segir sig og Hrólfr frænda sinn hafa stundum verið á skjön við höfuðborgar-búana. Eftirminnilegt var þegar þeir heyrðu í fyrsta sinn í brunabjöllum slökkviliðsbíla í Reykjavík. „Þegar við bjuggum í Bolungarvík og heyrðum í brunabjöllum lögðu flestir bæjarbúar frá sér vinnu og þustu á vettvang. Svo var það einn daginn að ég og Hrólfr heyrðum í brunalúðrum í Reykjavík. Þá rukum við af stað, niður Álftamýri og út allan Ármúla þar sem eldur logaði. Þetta eru nokkrir kílómetrar.“

Hann tók eftir því að Reykvik-ingar notuðu oft annað orðalag en hann vandist í Bolungarvík. „Ef ég var á spjalli við skólafélaga mína og sagði: „Hvað ætlið

þið að gera á helginni“, þá var hlegið að manni því krakkarnir sögðu alltaf „um helgina“. Í bakariunum fyrir sunnan voru notuð önnur nöfn á brauð en ég vandist hér heima.“

Vildi fara í Stýri-mannaskólann

Nítján ára fer hann í Háskóla Íslands í viðskiptafræði. Jón segist alltaf hafa ætlað í Stýrimannaskólann. „Ég ólst upp við sjávarútveginn og þekkti ekki neitt annað. Skólaárið 1975-1976 var boðið upp á sjóvinnu í Grunnskólanum sem ég sótti og fékk pungapróf út á. Sumarið sem ég fermdist fékk ég pláss á Ásdísi ÍS-130 á grásleppu upp á hálfan hlut. Eftir að vertíðinni lauk fór um við á handfæri. Mamma talar enn um það í dag hversu skrítið það var að ég skyldi vera á sjó á 17. júní svona ungur. Næstu sumur vann ég við beitningu, togaralandanir, í móttökunni í frystihúsinu og á handfærum. Þegar ég var 16 ára fékk ég fyrst pláss á togara. Næstu sumur, þ.e. frá 1978-1984, fékk ég að leysa af á Heiðrúnu ÍS-4, Dagrúnu ÍS-9 og Guðbjörgu ÍS-46, þar sem Gummi bróðir minn var stýrimaður. Ég komst svo langt að verða pokamaður á Guðbjörgu. Það fylgdi því ákveðið stress í byrjun. Þegar maður vaknaði á vakt spurði maður alltaf hvernig hefði fiskast. Oftast fékk maður þannig svar: „Það var ansi gott fiskerí í annan pokann, hefði orðið mjög gott ef ekki hefði verið fráleyst í hinn.“ Þar fór fremstur í flokki Iddi kokkur, en sem betur fer laug hann þessu alltaf. Ég var það heppinn að tekjur sumarsins dugðu til að framfleyta mér á veturna og þurfti því aldrei að taka námslán.

Til marks um áhugann á sjómennsku á þessum árum, þá hringdi ég, í páskafríinu mínu í Verzlunarskólanum árið 1978, í Jón heitinn Eggert, skipstjóra á Heiðrúnu ÍS-4, og það um pláss. Heiðrún var þá á útilegu á línu. Jón Eggert svaraði að það vantaði engan mann. Hann hringdi svo í mig seinna og sagði að ég gæti fengið pláss, þeir hefðu samþykkt að bæta við einum aukamanni í þennan túr. Ég varð mjög ánægður, því um borð voru bræður mínur sem ég hafði ekki hitt síðan um jólin. Mjög vont veður var í túrnun, sjórinn gekk inn um lúguna á millideckinu. Maðurinn á goggnum þurfi oft að sæta færis og hlaupa innar á millidekkið, átti annars á hættu að fljóta með sjónum yfir á lestarlúguna. Sjórinn flæddi aftur allt millidekk og við sem vorum að beita vorum rennandi blautir við þá vinnu, þar sem sjórinn náði oft upp fyrir stígvél. En mér fannst þetta allt mjög spennandi, mikið fiskerí og mikil vinna.“

Flestir skólafélagar hans höfðu tekið stefnuna á Háskóla Íslands eftir stúdentspróf og ákvað Jón Þorgeir að fylgja þeim. „Á þeim tímapunkti hætti ég að hugsa um nám í Stýrimannaskólanum. Ég er ekki viss um að ég hefði valdið því mjög svo erfiða starfi, aðrir betur til þess fallnir. Einn skóla-bróðir minn úr Verzlunarskólanum fór í Stýrimannaskólann og varð stýrimaður og skipstjóri í mörg ár þar á eftir.

Við sem komum úr Verzlunarskólanum hjuggum svo vel, að fyrstu önnina í viðskiptafræðinni voru kennd tvö fög sem við höfðum lært í Verslunarskólanum. Mér var ráðlagt að taka strax tvö haustpróf og þurfti því aðeins að sitja þrjú fög fyrstu önnina. Þá um haustið fékk ég vinnu hjá Ríkisbókhaldi, sem var mín fyrsta skrifstofuvinna. Vinnan var erfið fyrst en skemmtileg.

Þegar ég var búinn að vinna í nokkra daga þarna kom til mín eldri maður og sagði sjá á mér að ég kæmi utan af landi. Þegar ég spurði um ástæðuna sagði hann mér að krakkar utan af landi væru lífsglaðari en þau af höfuðborgarsvæðinu. Þetta voru hans orð en ég var að sjálf sögðu mjög ánægður að heyra það.“

Á seinni önninni var hann kominn í fullt nám í viðskiptafræðinni. Námið var þá fjögur ár og á fjórða ári þurfti hann að velja hvað hann ætlaði að sérhæfa sig í. „Ég ákvað fyrst að fara í fjármál af því mér var sagt að það væri svo gaman í hagfræði hjá Þorvaldi Gylfásyni. Eftir þrjár vikur varð mér ljóst að þetta átti ekki við mig. Þá hitti ég skólasystur mína úr HÍ og Verslunarskólanum, Birnu Einarasdóttur, núverandi bankastjóra Íslandsbanka. Hún sagði mig vera á kolvitlausum stað og ráðlagði mér á að skipta yfir á endurskoðunar svið.“ segir Jón Þorgeir, og fór að ráðum Birnu og hefur aldrei séð eftir þeirri ákvörðun. „Ég verð að játa að ég vissi ekki mjög mikið á þeim tíma út á hvað endurskoðun gekk.“

Björn og Ari

Eftir nokkrar vikur í náminu voru skólafélagar hans farnir að horfa í kringum sig eftir vinnu á endurskoðunarstofum. „Mér var ráðlagt að sækja um vinnu á stórrí endurskoðunarstofu. Það myndi koma sér vel þegar að löggildingarprófum kæmi.“ Hann fékk höfnun á fyrstu stofunum sem hann heimsótti þar sem ekki var verið að ráða á þeim tíma. „Svo kom að heimsókn á endurskoðendaskrifstofu Björns Steffensen og Ara Thorlacius. Þegar ég kom þar inn spurði ég eftir Ara Thorlacius var mér tjáð að hann væri dáinn fyrir nokkrum árum. Þá spurði ég eftir Birni Steffensen og mér sagt að hann væri löngu hættur vinnu vegna aldurs. Stof-

an hét eftir mönnum sem höfðu stofnað hana.“

Jóni Þorgeir var boðin vinna hjá Birni og Ara og hóf vinnu þar haustið 1984. Á þeim tíma var mjög mikið að gera á stofunni. „Vorið 1985 var komið að útskriftarferð hjá okkur viðskiptafræðinemunum, sem við höfðum aflað fjár fyrir m.a. með blaðaútgáfu og sölu harðfisks að heiman. Þegar ég bað vinnuveitendur mína um frí til ferðarinnar var ekki tekið vel í þá beiðni vegna mikilla anna. Ég varð að sætta mig það, þorði ekki að tefla vinnu minni í hættu. Það var svolítið slæmt að missa af ferðinni, hún var víst mjög skemmtileg og skapaðist ákveðin stemmning meðal nemanna sem ég missti af.“

Löggildingarprófið

Til að taka löggildingarpróf þurfti Jón að vinna þrjú ár undir leiðsögn löggilts endurskoðanda. Eftir þrjú ár, eða haustið 1988, var komið að því að taka löggildingarprófið, sem samanstendur af fjórum prófum sem eru mjög strembin, en þau standa frá klukkan 9 á morgnana til klukkan 17 á kvöldin, eitt var langt til klukkan 19.

„Á þeim tíma máttir þú ekki falla í einu prófi því það þýddi að þú þurftir að taka öll prófin aftur. Ég var svo heppinn að ná þessu í fyrstu tilraun og var einn af þrettán sem stóðust prófið en 39 þreyttu prófið á sama tíma. Af þeim þrettán sem náðum vorum við fjórir Vestfirðingar, auk mín þeir Bjarki Bjarnason, Ingólfur Hauksson og Þórir Ólafsson.“

Fluttist aftur heim

Jón Þorgeir hélt áfram að vinna fyrir Björn og Ara, sem síðar breyttist í Löggilta Endurskoðendur hf. Hann var þá búinn að koma sér upp húsnæði í Reykjavík ásamt eiginkonu og dóttur. Þá hafði Einar Jónatansson, sem þá var í bæjarstjórn í Bolungarvík, samband við Jón Þorgeir og spurði hann hvort hann væri ekki til í að koma vestur og setja á stofn endurskoðunarskrifstofu. „Ég var ekki á leiðinni vestur á þeim tíma en hugurinn var ávallt þar. Ég fór vestur í sumarfríunum og hringdi næstum daglega heim til að fá fréttir. En mér leið vel fyrir sunnan og var ekkert á leið heim.“ segir Jón Þorgeir. Eftir fundahöld með Einari Jónatanssyni og eigendum Löggiltra Endurskoðenda hf. ákvað hann að flytja vestur og stofna endurskoðunarskrifstofu í ágúst 1990 með Guðmundi Kjartanssyni og Bjarka Bjarnasyni, en stofan fékk nafnið Löggiltir Endurskoðendur Vestfirðum ehf.

Allir höfðu þeir lært á sömu stofunni fyrir sunnan. Árið 2004 ákvað Jón Þorgeir að stofna sitt

eigið fyrirtæki í Bolungarvík, Endurskoðun Vestfjarða ehf. Nýverið eignaðist Elín Jónína Jónsdóttir, sem hefur unnið hjá Jóni Þorgeir frá árinu 1993, 25% hlut í félaginu.

„Já, nú í sumar verð ég búinn að reka endurskoðunarskrifstofu í nítján ár hér í Bolungarvík. Konan mín gaf þessu þrjú ár þegar við fluttum vestur og ég sá fram á að við flyttum aftur í bæinn. En henni hefur líðið vel hér og hefur lítið talað um að flytja aftur,“ segir Jón Þorgeir og brosir.

Til að halda réttindunum sínum sem endurskoðendur þurfa þeir að ljúka 90 tíma endurmennun á þriggja ára tímabili. Árið 2010 aukast kröfurnar, en þá fjölgar tímunum í 120 á þriggja ára tímabili. „Þetta kallar á margar suðurferðir á ráðstefnur og námskeið. Við reyndum að fá aðgang að námskeiðunum og ráðstefnunum í gegnum fjarfundabúnað, en hann er of dýr í rekstri. Þetta eru námskeið á sviði reikningshalds, skattamála, endurskoðunar og ákveðinn hluti má vera á almennu sviði. Þessar suðurferðir eru dýrar, námskeiðin og ferðirnar kosta sitt, sem og vinnutap, en erfiðar samgöngur lengja oft vinnutapið. En eins og öll símenntun gerir þetta mann hæfari í starfi. Til viðbótar þessu er reglulegt gæðaeftirlit á endurskoðendum, sem er sjálf sögðu af hinu góða. Gæðaeftirlitið fer þannig fram, að tveir endurskoðendur koma og taka út vinnubrögðin mín á nokkurra ára fresti.“

Starfið hefur kosti og galla

Hann segir starfið hafa sína kosti og galla. Gallarnir eru að það er mikil pressa á að klára verkefni fyrir ákveðnar dagsetningar, sem erfitt er að hnika til. „Ég held að það megi segja um mig eins og marga aðra endurskoðendur, að maður vinnur alltof mikið.“

Hann segir kostina við vinnuna hins vegar mun fleiri og dagarnir og árin hafa verið mjög fljót að líða síðan hann hóf vinnu sem endurskoðandi. „Það skemmtilegasta við vinnuna er hversu fjölbreytt hún er. Á stærri stofunum er vinnan sérhæfðari en á þeim minni. Við erum með stóra flóru af mjög svo fjölbreyttum fyrirtækjum. Erum með sparisjóð, bæjarsjóð, útgerðir, fiskvinnslur, iðnfyrirtæki, skógrækt, vinnum fyrir Ferðamálastofu og fleira. Eins höfum við séð um að útvega kvóta fyrir útgerðir, stofnað og sameinað félög, séð um gerð rekstraráætlana og fleira. Það eru margir sem halda að starf endurskoðandans sé leiðinlegt, en það er svo langt frá því. Eg hef oft fengið inn til mín fólk sem hristir hausinn og segist ekki skilja í því hvernig maður geti unnið við þetta.

Ætli maður sér að vinna við endurskoðun þarf maður að hafa gaman af að vinna með tölur. Maður umgengst fullt af fólki og gaman að verða vitni að þegar vel gengur.“ Honum finnst skemmtilegt að vinna fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. „Hér í Bolungarvík er maður í nánu sambandi við sjávarútveginn,“ segir Jón Þorgeir.

Langir vinnudagar

Jón kom inn á að hann vinni mikið og oft má sjá hann á skrifstofunni langt fram á kvöld. Eins og áður hefur komið fram er oft mikil tímapressa á verkefnum og þarf því oft að vinna mikið til að ljúka þeim fyrir ákveðinn tíma. „Ætli maður sér að halda verkefnum, þá verður að gjöra svo vel og sinna þeim. Svona fyrirtæki gengur heldur ekki nema að vera vakinn og sofinn yfir rekstri þess. Ég hef verið mjög heppinn með starfsfólk í gegnum tíðina. Duglegt og hæft starfsfólk er verðmætasta eign endurskoðunarskrifstofu. Við höfum oftast verið sex til átta sem vinnum hjá fyrirtækinu. Í dag erum við sex.

Ég byrja daginn alltaf á góðum göngutúr, geng framhjá höfninni og athuga hvort bátar hafi farið á sjó. Mæti í vinnuna oftast um níu að morgni og fer heim í mat um eittleйти. Finnst gott að fá mér smá kriu og kem svo endurnærður aftur til vinnu um tvöleйти og vinn fram á kvöldmat. Alltof oft mæti ég svo til vinnu á kvöldin. Á þeim tíma fær maður mikinn frið til vinnu en á daginn fer mikill tími í símtöl og samtöl við viðskiptavini.“

– Nú hefur þú unnið stift í mörg ár. Hefur þig aldrei langað að minnka við þig í vinnu?

„Jú, það kemur fyrir. Lífið er ekki einungis vinna og það líður alltof hratt. Maður sér það best á börnunum sínum. Ég er svo lán-samur að eiga góða konu sem ávallt hefur stutt vel við bakið á mér og sinnt börnunum og heimilinu vel.“

Einnig í útgerð og fiskverkun

Samhlíða endurskoðunarstarfinu hefur Jón Þorgeir verið með eigandi að útgerðum og fiskverkun.

„Ég var með eigandi að Útgerðarfélaginu Ós ehf., fyrst með föður mínum, Gumma bróður og Guðmundi Jens mági mínum. Seinna stofnaði Guðmundur Jens sína eigin útgerð. Um svipað leyti gekk Daði föðurbróðir minn inn í félagið með útgerð sína. Útgerðarfélagið Ós ehf. gerði fyrst út Guðmund Einarsson ÍS-155 og seinna einnig Hrólf Einarsson ÍS-255. Árið 2004 stofnuðum við Rekavík ehf. ásamt nokkrum öðrum. Útgerðarfélagið Ós ehf. lagði Hrólf Einarsson ÍS-255 inn í

félagið. Rekavík keypti síðan Albatros af Þorbirni Fiskaness ehf. sem síðan fékk nafnið Einar Hálf-dáns ÍS-11. Í dag eru Útgerðarfélagið Ós ehf. og Rekavík ehf. sameinuð Jakob Valgeir ehf. og eigum við hlut í því félagi, þó ekki stóran.“

Árið 1998 var Fiskverkunin Vík ehf. stofnuð af Arnari Smára mági Jóns, Einari föður hans, Guðmundi bróður hans, Jóni Þorgeiri og fjölskyldum þeirra. Fiskverkunin eignaðist síðan hlut í tveimur útgerðum, Útgerðarfélaginu Voninni ehf. og Kálfavík ehf. Þessi þrjú fyrirtæki sameinuðust síðan Bakkavík hf. árið 2002 og eigum við í dag hlut í því félagi.

„Og svo gerðum við út dagabát í þrjú sumur, sem hét Ásdís ÍS-555, í félagi sem hét Bjarnar-núpur ehf.“

Sumarið 2007 hófum við Gummi bróðir útgerð saman í félaginu Blakknes ehf. Gummi og Elías sonur minn byrjuðu á handfæra-veiðum á Sómabát sem við áttum og hét Ásdís ÍS-55. Í júní 2007 leigðum við Auði ÍS-42 frá Ísa-firði og byrjuðum á línuveiðum. Í byrjun átti að taka þessu rólega og róa með um 14 bala. Það dugði ekki lengi hjá Gumma, sem eins og flestir þekkjá er vanur að róa stíft. Það liðu ekki margir dagar þar til farið var að róa með fullan skammt.

Í mars 2008 keyptum við Gummi 8,5 tonna plastbát frá Sandgerði, sem ber nafnið Einar Hálf-dáns ÍS-11. Upphaflega átti báturinn að skapa sumarvinnu fyrir Gumma og strákana mína. Í haust ákváðum við síðan að gera bátinn út allt árið og réðum Pétur Jónsson sem skipstjóra. Útgerðin hefur gengið ágætlega. Báturinn er búinn að fiska um 460 tonn frá 1. september 2008, aðallega ýsu. Við stefnum á að fiska 600-700 tonn á fiskveiðarárinu. Við eigum ekki mikinn kvóta, eða um 35-40 þorsgildistonn, og þurfum því að leigja til okkar stóran hluta aflaheimildanna. Síðustu tvö sumur aðstoðaði ég við landformennsku, sem felst í að taka á mótí bátum, greiða flóka, sjá um beitumálin og ráða beitningarmenn, sem aðallega voru skóla-strákar. Í haust tók Hrólfr bróðir minn við landformenskunni, en vandfundinn er betri maður í það starf.“

– Hvernig fannstu tíma til að sinna þessu?

„Ég lengdi aðeins hádegismatinn. Ég geymði vinnufötin í kompu sem fylgir íbúðinni hér uppi af skrifstofunni, sem foreldrar mínir búa í, og fékk svo að fara í sturtu hjá þeim. Mér þótti þetta skemmtileg tilbreyting frá mínu daglega starfi, að skutlast í eina til tvær klukkustundir niður í skúr. Við erum með sjö manns í vinnu við útgerðina,“ segir Jón Þorgeir.

Stoltur af sjómönnum

„Ég er mjög stoltur af sjómönnum í Bolungarvík. Þetta eru gífurlegir dugnaðarforkar og það sést í aflanum sem þeir skila ár eftir ár. Þessir bátar eru ávallt aflahæstir á landsvísi í sínum stærðarflokki. Bolungarvík er ákaflega hentugur staður til að gera út, liggur vel við fengsælum fiskimiðum.“

Við erum mjög heppin í Bolungarvík að hafa í gegnum tíðina átt duglega sjómenn. Ekki bara við Bolvíkingar heldur Vestfirðingar allir. Vestfirskir skipstjórnarmenn koma víða við, ekki bara hér á Íslandsmiðum heldur einnig á erlendum skipum.“

Átti hlut í Manchester United

Fjölskylda Jóns Þorgeirs er öll miklir áhugamenn um knattspyrnu og halda öll með Manchester United í ensku knattspyrnunni. Hann hefur farið á nokkra leiki með liðinu og er svo mikill aðdáandi að hann keypti, ásamt bræðrum sínum og frænda þeirra, Runólfi K. Péturssyni, hlutabréf í Manchester United árið 1997. „Þá gátum við sagt með sannri trú að þetta voru strákarnir okkar sem voru að vinna.“

Þeir eru ekki hluthafar í liðinu í dag. Þeir urðu að selja bréfin vegna yfirtökuskyldu sem skapaðist er Glazer-fjölskyldan keypti félagið.

Golfið skipar stóran sess

Golfið skipar einnig stóran sess í lífi Jóns. Hann hóf að iðka íþróttina nokkrum árum eftir að hann fluttist til Bolungarvíkur. Það myndaðist ákveðinn félagsskapur í kringum golfið hjá Jóni, sem kallaðist Svarta gengið. Til að byrja með mynduðu Runólfur K. Pétursson og bræðurnir Arnar Smári og Sveinbjörn Ragnarsynir gengið. Síðar komu Baldur Smári Einarsson og Grímur Lúðvíksson inn í gengið.

„Við hittumst oftast seinni part dags og spiluðum níu holar. Eitt sinn gaf ég þeim svartan golf-fatnað sem hafði orðið afgang af verðlaunum úr einu golfmóti sem ég hélt. Þá fóru gárungarnir að kalla okkur Svarta gengið. Um árið 2000 fórum við í okkar fyrstu golfferð til Íslantilla á Spáni, sem síðar urðu að næstum árlegum viðburði hjá okkur. Eftirminnileg er ferð sem við fórum árið 2005 með nokkrum ungum golfurum héðan úr Bolungarvík sem kölluðu sig „Hvíta gengið“ til mótvægis við okkar gengi. Haldnar voru alls kyns keppnir og mikið grínast.“

Hann segir skemmtilegast við þessar golfferðir hvað hann kyn-



ist mörgu fólki, og fari hann í frí með fjölskyldunni fer golfsettið ætíð með. Þegar hann fer til útlanda er það án undantekninga til að spila golf.

Auk golfsins hefur Jón Þorgeir gaman af því að veiða, fara á gönguskíði og í gönguferðir. „Ákveðinn hópur fólks í kringum okkur hefur farið þrjár ferðir á Hornstrandir. Þær ferðir voru mjög skemmtilegar og eftirminnilegar.“

Börnin líka í Verzló

Elstu börn Jóns Þorgeirs, Ingibjörg, 21 árs, og Elías, 18 ára, stunda nám í Reykjavík, en þau

hafa bæði fetað í fótspor föður síns og farið í Verzlunarskólann. Ingibjörg er útskrifuð þaðan og er í verkfræðinámi í HÍ í dag en Elías er á öðru ári við Verzlunarskólann. „Svo hefur yngsti sonur okkar, Nikulás, sett stefnuna á Verzlunarskólann, þannig að við rekum eitt heimili fyrir vestan og annað í Kópavogi, þar sem þau tvö eldri búa ásamt unnusta Ingibjargar, Almari Þór Möller, sem er að ljúka lögfræðinámi í HÍ. Þau ákváðu sjálf að fara í skólann og ég hef ekki reynt að hafa áhrif á þeirra val þó ég sé ekki ósáttur við það. Þau hlæja alltaf að mér þegar ég segi þeim sögur af minni skólagöngu við

Verzlunarskólann, því hann er þekktur fyrir öflugt félagslíf. Þau spurðu mig hvað ég hefði gert í félagslífinu og ég sagði þeim að ég hafi aðallega sótt skákviðburði skólans og keppt fyrir hönd hans í skák.“

Sigrún kona Jóns Þorgeirs, sem útskrifaðist sem bókasafnsfræðingur úr HÍ árið 1985, stundar nú fjarnám í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri. Jón segir hana tala um að þegar yngsta barnið þeirra fari suður í skóla, þá megi hann búast við að það muni toga mikið í hana að vera meira fyrir sunnan, enda árin þrjú vist löngu liðin.

– birgir@bb.is

Aflaverðmæti vestfirskra skipa jókst um 41,2% milli ára

Aflaverðmæti vestfirskra skipa var 403 milljónir króna á fyrsta mánuði ársins samanborið við 285,5 milljónir króna í janúar 2008. Aflaverðmætið í janúar jókst því um 41,2% milli ára í krónum talið, en slíkur samanturður segir að vísu ekki alla söguna. Verðmæti þorskafla var um 300 milljónir króna og tvöfaldaðist frá fyrra ári þegar það var 151 milljón. Aflaverðmæti ysu nam rúmum 99 milljónum og

dróst saman um 15 milljónir milli ára. Sömuleiðis dróst andvirði steinbítsaflans saman í krónum talið en hann var 11,7 milljónir í janúar síðastliðnum samanborið við 25,6 milljónir í sama mánuði í fyrra.

Ef litið er á landið í heild nam aflaverðmæti íslenskra skipa nam 6,8 milljörðum króna í janúar 2009 samanborið við 4,8 milljarða í janúar 2008. Aflaverðmæti hefur því aukist um 1,9 milljarða

eða 40,3% á milli ára. Aflaverðmæti botnfisks var 5,5 milljarðar og jókst um 45% frá janúar í fyrra þegar aflaverðmætið nam tæpum 3,8 milljörðum. Verðmæti flatfiskafla nam 436 milljónum króna í janúar 2009, sem er um 97,3% aukning frá fyrra ári. Aflaverðmæti uppsjávarafla nam 843 milljónum, sem er 3,2% aukning miðað við janúar 2008.

Tölurnar eru fengnar hjá Hagstofunni.



Skatttekjur Ísafjarðarbæjar minnka

Skatttekjur Ísafjarðarbæjar vegna staðgreiðslu skatta minnkuðu að raunvirði um nærri 40 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi, sé miðað við sama tímabil í fyrra. Tekjur Bolungarvíkurkaupstaðar hækkuðu hins vegar í takt við verðbólgu.

Tekjur Ísafjarðarbæjar vegna

staðgreiðslu voru 283 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi í fyrra, en fyrstu þrjá mánuði þessa árs voru tekjurnar 293 milljónir. Vísitala neysluvísitölunnar hækkaði hins vegar um liðlega 17 prósent á milli ára, þannig að tekjur sveitarfélagsins hefðu þurft að vera 331 milljónir til

þess að halda í við verðbólgu og því vantar 38 milljónir króna til að ná því marki.

Tekjur Bolungarvíkurkaupstaðar voru á fyrsta ársfjórðungi ársins 74 milljónir, sem er mjög svipuð upphæð og árið á undan sé tekið tillit til verðbólgu.



Fljóttavík.

Bygging sumarhúss í Fljóttavík samþykkt

Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi til byggingar sumarhússins Skjaldbreiðar ásamt geymsluskúr að Geirmundarstöðum í

Fljóttavík á Ströndum. Í deiliskipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir fjórum byggingareitum þar sem heimilt er að byggja eitt

frístundahús ásamt geymsluskúr innan lóðarmarka. Hámarksstærð húsa er 100 fermetrar með nýtanlegu svefnlofti. Hámarks-



Ísfirsku keppendurnir. Ljós. Brynjólfur Rúnarsson.

Ísfirðingar í efstu sætunum í glímu

Ísfirðingurinn Margrét Rún Rúnarsdóttir varð grunnskóla-meistari á Íslandsmóti Glímusambands Íslands sem haldið var á Selfossi. Í öðru og þriðja sæti voru Ísfirðingarnir Nína Dagrún Hermannsdóttir og Katrín Dröfn Björnsdóttir. Íþróttafélagið Hörður sendi fjölmarga keppendur á mótið, sem stóðu sig allir með þryði. Í sveitaglímuni urðu Harðarverjar sigursælir í flokki 15-16

ára stráka. Sveitin var skipuð þeim Sigurði Óla Rúnarssyni, Birki Erni Stefánssyni og Jóhanni Jakobi Friðrikssyni. Fyrrum Grettisbeltishafarnir Stígur Berg Sophusson og Brynjólfur Rúnarsson kepptu um titilinn Glímukóngur Íslands en náðu ekki á verðlaunapall. Úrslit mótsins í heild má finna á vef Glímusambands Íslands.

thelma@bb.is

stærð geymsluskúrs er 20 fermetrar.

Nú þegar hafa tvö hús verið byggð innan tveggja byggingareita og er því um að ræða þriðja húsið. Umhverfisstofnun hefur samþykkt byggingu hússins með þeim skilyrðum að notað verði bárujárn eða önnur sambærileg þakfni þannig að samræmt yfirbragð húsa svæðisins haldist

og sjónræn áhrif nýrra bygginga verði þannig lágmörkuð. Að auki verði gerður vegarstöði að Skjaldbreið í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Hornstrandafriðlandi.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir og hefur einnig samþykkt það fyrir sitt leyti.

thelma@bb.is

Bloggið

Sonurinn á Facebook

Það sem hann Björgúlfur sonur minn getur verið mikið krútt!!

Hann er auðvitað með Facebook síðu eins og allir unglíngar og mæður hans, bæði raun og stjúp, vakta þá síðu vel! og kommententa í gríð og erg, drengnum til stakrar gleði. Í gær póstaði hann statusnum; Björgúlfur; minnir á relationship status; SINGLE!!!! Og í lýsingunni á sjálfum sér skrifar hann; fyndinn, sexy og frábær faðir!!!

Hahahahah, hann veit svo sannarlega hvernig á að höfða til kvennanna! Við stjúpa hans kommentuðum auðvitað og bentum honum á að það væri kannski áhrifaríkara samt að vera með aðra mynd af sér á síðunni en þá sem tekin var af honum í fermingarkyrtilinum! (Ég geri mér grein fyrir að ef ég ætti stúlku, þá myndi mér líklega ekki þykja þetta jafn fyndið... en það er bara af því að ég hef svo gamaldags og ófeminísk sjónarmið sem mér leyfist að finnst þetta ÓGÆDSLEGA hlægilegt!!)

Ylfa Mist Helgadóttir
<http://ylfamist.blog.is>



Auglýsing Lýðheilsustöðvar

Það er með ólíkindum hvað auglýsing Lýðheilsustöðvar, hvar þeir hvetja stúlkur til að drekka ekki, er ósmekklegr. Samkvæmt henni eru konur hvattar til þess að drekka ekki því þá sé minni hætt á því að þær verði fyrir ofbeldi eða nauðgun. Ég hélt að þau sjónarmið að fullar konur gætu sjálfum sér um kennt ef þeim er nauðgað væru það gamaldags og úrelt að þau sæjust ekki lengur.

Sköðum þessi undarlegu skilaboð aðeins nánar. Er ekki verið með óbeinum hætti að gefa í skyn að þær konur sem hefur verið nauðgað þegar þær voru undir áhrifum áfengis, beri sjálfar ábyrgð á nauðguninni? Þær hefðu líklega sloppið ef þær hefðu ekki drukkið. Er þetta ekki óbein skilaboð til þeirra sem nauðga að það sé á einhvern hátt ásættanlegra að nauðga drukkinni konu en þeirri sem er ódrukkin? Það er tími til kominn að fólk fari að setja ábyrgðina á nauðgarann sjálfan. Það er nauðgarinn sem ákveður að nauðga og velur sér fórnarlamb. Sá eða sú sem er nauðgað getur aldrei borið ábyrgð á því.


Matthildur Helga og Jónudóttir – <http://matthildurh.blog.is>



2000 krónur á hvern mann

Það getur verið nokkuð snúið að átta sig á þeirri skuldásúpu sem íslenska þjóðin er lent ofan í undir stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa sjöfaldast á síðustu fjórum árum. Upphæðin sem þjóðin hefur fengið að láni er gríðarlega há, 13 þúsund milljarðar íslenskra króna, en í heiminum eru líðlega sex milljarðar manna. Við höfum því fengið að láni upphæð sem svarar til þess að 2.000 krónur hafi runnið til okkar frá hverjum einasta einstaklingi á jörðinni. Er þá allir taldir með. Súðanar, Færeyingar, Kínverjar, vinir okkar Bretar og allir hinir. Það er augljóst að þessir peningar komu ekki nema að litlu leyti til Íslands enda væru annars allar götur hér úr marmara og ljósastaurar úr gulli. Ábyrgð þeirra sem veittu þessi lán er ekki minni þeirra sem tóku þau. Íslenska þjóðin getur hvorki ábyrgst þessar skuldir né verið sett fram sem veð fyrir þeim.

Sigurjón Þórðarson – <http://sigurjonh.blog.is>



Vorboðinn ljúfi

Platan „Vorið góða“ er önnur sólóplata ísfrska tónlistarmannsins Þrastar Jóhannessonar. Þróstur fæst við þjóðlagatónlist og á plötunni spila með honum tónlistarmenn sem kalla sig Þúfutittlinga, en það eru þeir Halldór Smárason, orgel-píanó-harmonikka, Stefán Freyr Baldursson, gítar, Valdimar Olgeirsson, kontrabassi, og Tumi Þór Jóhannesson, trommur. Platan byrjar á laginu „Húsgangur“. Ljóðið er gömul þjóðvísa og syngur Þróstur og leikur einn í laginu en söngur hans sver sig í ætt við gamlan vísnaðsöng. Lagið er frekar stutt, fer tíu sekúndur fram yfir mínútuna, og koma Færeyjar fyrst upp í huga þegar hlustað er á lagið, sem sver sig þó í ættir við skandinavíska vísnaðsöng.

Næsta lag plötunnar er „Einbúinn“. Lagið er eftir Þróst við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Ljóðið fjallar um mann sem gengur yfir dal, sund, gil og grundir í leit að nýjum stað til að hefja búskap. Lagið ber þess vott að maðurinn sé mjög uppgefinn á leitinni og orðinn frekar seinn að finna stað.

Platan færirst öll í aukana eftir fyrstu tvö lögini sem eru fremur róleg, en í þriðja laginu syngur Þróstur söguna af Axlar-Birni. Lagið sver sig í ættir við kántrítónlist og irskt þjóðlag við texta Jónasar og Jóns Múla Árnasona. Þúfutittlingarnir láta ljós sitt skína í þessu lagi og skín spila-



Þróstur Jóhannesson.

gleðin í gegn og Stefán Freyr gítarleikari á einstaklega skemmtilegar gítarlínur. Ljóðið fjallar sem fyrr segir um Axlar-Björn. Lagið er skemmtilegt áheyrnar því það er svo hresst miðað við söguna. „Ég heiti Axlar-Björn. Sautján lík í Gulutjörn og í flórnum geymi örn. Ég drap víst þetta fólk segja menn. Ég verð allur senn og í helvíti ég brenn,“ syngur Þróstur sem Axlar-Björn. Ef andlegt ástand Axlar-Bjarnar er metið út frá laginu, þá eru tauga-veiklun og geðveikislegur tryllingur í röddinni og hann fagnar örlögum sínum. Hann var dæmdur til dauða, höggvinn af honum hausinn og brotinn í mál og ólétt frá hans tekin af lífi í leiðinni.

„Hvar var Adam þegar Eva slökkti ljósinn,“ spyr Þróstur í

samnefndu fjórða lagi plötunnar. Textinn er skemmtilegur um einstakling sem Þróstur virðist þekkja vel en gefur ekki upp hver sá er, heldur syngur „Evisögu þína kunnir utan að“. Einstaklingurinn, að sögn Þrastar, virðist hafa verið mikill karakter. Hann var með barta flottari en Elvis og hefði sómt sér vel á götum Hollywood. Hann eldaði grátt silfur við heiminn og nær eldamennskan engri átt í augum Þrastar og segir hann einstaklinginn eflaust eiga eftir að rífa kjaft við Krist þegar hann kallar sína sauði inn. Lagið stigmagnast eftir sem á það líður. Kontrabassaleikur Valdimars er til eftirbreytni.

„Kveðið í þungri legu“ er fjórða lag plötunnar. Lagið er eftir Þróst við ljóð Hjálmars Jónssonar frá

Bólu. Lagið er í þjóðlagagírnum og setur harmonikkuleikur Halldórs Smárásonar svip á lagið, sem og gítarleikur Stefáns Freys.

Við hlustun á fimmta lagi plötunnar er sýnt hversu góð tók Þröstur hefur á þjóðlagasöng. Það er erfitt að vera frumlegur þegar kemur að þeirri tónlist, enda engin ástæða til, en Þröstur syngur þessa tónlist einstaklega vel með sínum hætti og er ekki bara að syngja, heldur einnig með leikræna tilburði eins og einstaklingarnir sem hann syngur um.

„Í Tunguskógi“ er eitt af skemmtilegustu lögnum á plötunni. Það er textanum stórum hluta að þakka, því um leið og Þröstur syngur „Í Tunguskógi lágum tvö“ reikar hugur manns inn í Tungudal, um það hversu svakalega skemmtilegt það er að vera inni í Tunguskógi í tunglskíni með stjörnunar á himinhvelvingunni, hlustandi á fjöldasöng við varðeld á verslunarmannahelgi. En Þröstur er þó ekki í þeim aðstæðum í laginu heldur liggur hann með sinni heitelskuðu í skóginum, hlustandi á vindana stiga vals. Þröstur biður sína heitelskuðu að eiga sig alla ævi. Hann segir „Sjáumst á morgun“ en biður hana vinsamlegast að vera fljóta að ákveða sig. Mjög skemmtilegt og rómantískt lag úr lagaþjóði Hank Williams við texta Þrastar.

„Plútó“ er sjöunda lag plötunnar. Þar syngur Þröstur um „ekki“-reikistjörnunna Plútó sem glataði þeim titli um árið. Þresti finnst þetta ómaklegt og talar um einelti sem liggur á Plútó frá vísindaheiminum. Lagið er hrikalega vel spilað af Þúfutittlingunum og einstaklega djassað og skemmtilegt.

„Lóan syngur durrindí“ er áttunda lag plötunnar og brýtur plötuna einstalega vel upp við miðbik hennar með söng Ragnheiðar Eiríksdóttur, betur þekkt sem Heiða í Unun. Lagið fjallar um systkini sem reyna að hressa hvort annað við af lífsins blús. Þau eru með vísdómsorð hvort við annað og segja að hugurinn sé mikið flæmi sem hægt er að villast í og segja hvort öðru að forðast hin súru gráu ský og minna hvort annað á að skammdegisþunglyndið hverf-

ur með hækandi sól þegar lóan kemur og syngur vorið inn. Einstaklega fallegt og upplifgandi lag.

Platan tekur svo sprett í niunda laginu sem nefnist „Verkalýðsöngurinn“. Þröstur sleppir beislínu af Þúfutittlingunum í þessu lagi, sem þakka fyrir með hrikalega hressu undirspili. Maður sér fyrir sér að Tumi Þór trommari hafi glaðst við að slá taktinn í þessu lagi. Þéttur trommuleikur, skemmtilegur bassagangur í klassikum blúsgangi frá Valdimar og Halldóri Smára fylgir eftir með skemmtilega lausum pianóleik og Stefán Freyr fylgir Þresti fast eftir í skemmtilegu „gítarriffi“.

„Vakinn af svefni“ er hamingjulegt kántrískotið tíunda lag plötunnar. Þresti þykir klárlega afar vænt um vorið líkt og flestum Íslendingum. Hann er svo glaður að vakna við fuglasöng og heiðskíran himin og nýtsprungin blóm. Maður kinkar kolli með Þresti þegar hann segir að allar sorgir hverfi með vorinu.

„Jón á skollabuxunum“ er ellefta lag plötunnar og kemur Cat Stevens í hugann þegar hlustað er á lagið. Hvort Þröstur er að meina að Jón á skollabuxunum sé ríkisbubbi eða háttsettur embættismaður skal ósagt látið en Jón er allavega fljótur að refsa þeim sem setja út á hann og slær eldingu í haus þeirra. Enda segir Þröstur hlustendum að trúa ekki tauti sínu um Jón því tungan alltof lipur er.

Platan endar á laginu „Í árdaga“ og lýkur Þröstur henni á að segja fólki að horfa fram á við og finna þannig frið.

Platan er einstaklega skemmtileg og er frábært framtak hjá Þresti að leiða saman frambærilega hljóðfæraleikara frá Bolungarvík og Ísafirði í undirleik á plötunni. Þröstur hefur góð tók á texta- og lagasmíðum og er með skemmtilega einkennandi söng. Þjóðlagatónlistin á einstaklega vel við Þröst og ekki skemmur fyrir að hlusta á hana á vordögum. Hún styttr biðina í sumarið á Vestfjörðum sem virðist stundum aldrei ætla að koma, en von er á góðu ef orð Þrastar eru rétt.

– birgir@bb.is



Samstýring skólastiga í Bolungarvík fari í úttekt sem fyrst

Samstýring grunn-, leik- og tónlistarskóla í Bolungarvík var til umræðu á síðasta fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur og færði K-listinn til bóunnar áhyggjur sínar af stöðu þess máls vegna þess að ekkert bóli á, að þeirra sögn, úttekt um hagkvæmni samstýringunnar. „Afar mikilvægt er að flýta svo sem auðið er úttekt á möguleikum á samstýringu grunn-, leik- og tónlistarskóla, en fulltrúi Bæjarmálafélagsins í bæjarráði lagði fram tillögu þess efnis þann 16. september 2008 til sparnaðar vegna erfðrar fjárhagsstöðu bæjarins. Enn hefur ekkert bólað á úttektinni og skapar það mikla óvissu á þeim vinnustöðum sem um ræðir, ekki síst þar sem það hamlar undirbúningi skólastarfs þessara stofnana fyrir næsta skólaár. Nú liggur fyrir fjárframlag Jöfnunarsjóðs að upphæð kr. 500 þús. til þessa verkefnis sem kynnt var í bæjarráði 1. apríl síðastliðinn og því er afar mikilvægt að málið teffist ekki meir.“

Bæjarfulltrúar D-listans og A-listans létu bóka svar til K-listans, en þar segir að sveit-

arfélagið hafi sótt sérstaklega um styrk fyrir úttektinni. Svar við styrkveitingunni fékkst jákvætt frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þann 31. mars s.l. og tekið fyrir hjá bæjarráði 1. apríl s.l. og sjö vinnudagar liðnir frá þeim tíma. „Tillagan sem vitnað er til var strax nefnd í viðræðum við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, en skrifað var undir samning við nefndina þann 7. október sl. Tillaga um að leitað yrði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstakt framlag til að fjármagna könnun á áhrifum þess að sameina skólastigin þrjú undir eina stjórn var síðan sett fram við fjárhagsáætlunargerð í bæjarráði þann 22. desember 2009. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga leggur til við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að veittur verði styrkur til sveitarfélagsins vegna þessa í bréfi dags. 7. janúar sl. Á fundi bæjarstjórnar með formanni Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þann 17. febrúar sl., kynnti hann þann árangur sem náðst hefði í niðurfellingu og frýstingu skulda sveitarfélagsins alls 228 mkr.“

„Á þeim fundi kynnti hann

jafnframt að því miður hefði ekki fengist fjárveiting í úttekt þá sem hér er um rætt. Síðar kom upp sú hugmynd að sveitarfélagið myndi samt sem áður sækja sérstaklega um styrk til Jöfnunarsjóðs til umrædds verkefnis. Það bréf var sent Jöfnunarsjóði þann 10. mars sl. Svar við bréfinu barst þann 31. mars sl., og var kynnt í bæjarráði 1. apríl sl. Bæjarstjóra var þá falið að móta tillögur um framkvæmd könnunarinnar og kynna málið fyrir stjórnendum stofnananna. Síðan eru liðnir sjö vinnudagar. Á þeim tíma hefur bæjarstjóri rætt við ýmsa aðila varðandi aðkomu fagaðila að bæði rekstrarlegri og faglegri úttekt. Um er að ræða afar mikilvægt mál í fræðslumálum og því þarf að vanda vel til verka og allra síst þjónar það hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta að flýta sér um of. Allar þessar upplýsingar eru aðgengilegar öllum bæjarfulltrúum og hafa verið lagðar fram á fundum bæjarráðs og í sumum tilfellum verið kynntar bæjarfulltrúum á sérstökum fundum með bæjarstjóra.“

Úthlutun kvótans ekki tekjustofn fyrir ríkið

Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra segist ekki sjá fram á að gerðar verði breytingar á úthlutun aflaheimilda á næsta fiskveiðiári sem hefst 1. september. Lengri tíma þurfi að gefa sér í að undirbúa breytingar á kerfinu, en bæði VG og Samfylking hafa á stefnuskrá sinni að innkalla veiðiheimildir og endurúthluta þeim. Í stefnuskrá VG er gert

råd fyrir að 5% heimilda verði innkallaðar árlega. Steingrímur J. leggur áherslu á að verkefni nýrrar ríkisstjórnar sé að móta nýja sjávarútvegsstefnu og að því borði þurfi að koma m.a. útgerðarmenn, sjómenn og fulltrúar sjávarbyggðanna. „Það er augljóst mál að við þurfum að fara varlega af stað með breytingar á kerfinu, ekki síst með hliðsjón af ástandinu núna. Sjávarútvegur-

inn er skuldsettur og hann er okkur mikilvægari en um langt árabíl.“

Steingrímur segist ekki hafa verið í hópi þeirra stjórnmalamanna sem hafi lagt áherslu á að breytingar á kvótakerfinu leiði til þess að úthlutun kvótans verði tekjustofn fyrir ríkissjóð. „Ég legg meiri áherslu á að grundvallarfyrirkomulagið sé gott, gagnast okkur, búi útgerðinni



lífvænleg skilyrði en um leið stuðli að meiri sátt í sjávarútvegi. Afrakstur af góðum og vel rekn-

um sjávarútvegi skilar sér alltaf á endanum til þjóðarinnar.

– birgir@bb.is

smáar

Ég óska eftir tveimur 20" reihjólum. Upplýsingar í síma 848-2083. Kristín.

Óska eftir íbúð til leigu á Ísafirði. Vantar litla íbúð í júní og júlí nk, helst á eyrinni. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Patrycja, sími 848-6451.

Til sölu 26" Trek kvenreiðhjól, 21 girja, lítið notað. Uppl. í síma 456-4174.

15" sumardekkk óskast. Uppl. í síma 897 6795.

Reykjavík - Ísafjörður, til sölu (skipti) góð 111 fm. 4ra til 5 herb íb. á 3ju hæð með bílskúr v/Háaleitisbr. Rvík, laus í júlí n.k. Skipti á eign hér á Ísafirði gætu vel komið til greina. Nánari uppl. í síma 696-4622 Sigríður.

Til leigu er 3-4 herbergja íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist með öllum húsbúnaði. Laus strax. Nánari uppl. í síma 690-7172.

Óska eftir vel með farinni uppþvottavél. Upplýsingar í síma 867 6657.

Óska eftir hjóli. Uppl. í síma 694 9251

Óska eftir herbergi á Eyrinni til leigu. Kristinn í síma 867 2780.

Við leitum að íbúð eða húsi, 3ja herbergja eða stærri á Ísafirði til leigu. Við erum hjón á besta aldri, kennari og starfsmaður þýðingamiðstöðvar, með fyrirferðalítt hund. Vinsaml. hafið samband við Ragnhildi í síma 847-7164.

Það er ódýrara að vera áskrifandi! Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Málsvari radda sem ekki fá að heyrast

Hrefna Magnúsdóttir vinnur bæði með fólki og fyrir fólk.

Hún er verkefnastjóri hjá Fjölmenningssetrinu á Ísafirði og formaður Ísafjarðardeildar Rauða kross Íslands, auk þess sem hún á sæti í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar og Svæðisráði Vestfjarða.

– Hvað felst í starfi þínu sem verkefnastjóri hjá Fjölmenningssetrinu?

„Ég stýri aðallega þróunarverkefnum í velferðarmálum og einstaklingsráðgjöf, sem meðal annars tengist upplýsingasímanum okkar.“

– Fjölmenningssetrinu hefur vaxið ásmegin undanfarin ár, ekki satt?

„Jú, mjög mikið. Þegar ég byrjaði sumarið 2005, en ég var tímaþessi ráðgjafi til að vinna verkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði, var einn fastráðinn starfsmaður við setrið, sem var Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri. Ég byrjaði svo formlega við setrið 2006 og það hefur vaxið mjög hratt síðan, ekki síst síðastliðið ár. Fjölmenningssetrið heyrir undir félagsmálaráðuneytið og sinnir þjónustu við innflytjendur

um allt land. Mörg verkefni eru óunnin í þessum málaflokki.“

– Er Fjölmenningssetrið eina setrið af þessu tagi á landinu?

„Já, í þeirri mynd sem það er. En vissulega eru sjálfseignarstofnanir eins og Alþjóðahúsið sem vinna að svipuðum verkefnum. Um landið hafa einnig sprottandi upp vísar að slíkri starfsemi í samstarfi við aðra, eins og til að mynda Rauða krossinn. Okkar stofnun er þó sú eina sem heyrir undir ráðuneytið, þó svo að Alþjóðahúsið sé á fjárlögum. Margt í þessum málaflokki er einkarekið, eins og t.d. túlka- og þýðingarþjónusta og íslenskukennsla sem Fjölmenningssetrið er ekki með. Þar sem fleiri en einn aðili standa að slíkri þjónustu þarf að gæta vel að samkeppni og að hlutirnir séu rétt unnir.“

Okkar hlutverk felst mest í því að koma upplýsingum á framfæri til innflytjenda. Upplýsingasíminn okkar er sá eini á landinu, en hann er á þremur tungumálum, pólsku, tælsku og serbnesku/kroátísku. Heilmikil vinna felst einnig í því að reyna að samræma

og safna þeim upplýsingum sem stofnanir og sveitarfélög hafa unnið til að hægt sé að koma þeim á framfæri.

Mörg járn eru í eldinum og unnið er að ýmsum stórum verkefnum. Til dæmis eru sveitarfélög nú að vinna að móttökuáætlunum. Starfsmaður frá okkur starfar við þróunarverkefni í tengslum við slíkar áætlanir á Austurlandi í samstarfi við sveitarfélög þar. Einnig eru stór verkefni í vinnslu í tengslum við framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Ég kem að nokkrum verkefnum sem tengjast henni, þá einna helst varðandi málefni fatlaðra og heilbrigðis- og félagsmál.

Við erum einnig að vinna að rannsóknum í samstarfi við ýmsa aðila og ýmsum þróunarverkefnum. Ég vona bara að við þurfum ekki að stoppa vegna ástandsins í þjóðfélaginu, því það er ýmislegt hægt að gera án þess að það kosti mikið. Oft skiptir miklu máli að samræma hlutina og sjá hvað aðrir eru búnir að vinna. Með því að stilla saman strengi má oft lækka kostnað á ýmsum

sviðum.

En auðvitað finnum við fyrir breytingum á efnahagnum eins og aðrir. Eins finnum við það hjá fólki sem leitast til okkar. Stærsta breytingin er sú, að fólk hugsar sér til hreyfings. Það getur verið erfitt að snúa aftur til heimalandsins því sumir hafa ekki að neinu að hverfa, hafa ekki húsnæði og fá jafnvel ekki vinnu. Margir hafa búið hér á landi í mörg ár og hafa hugsað sér að vera áfram. Við reynum að aðstoða fólk eftir bestu getu en það eru sömu vandamál hjá þeim og öðrum.“

– Finnið þið mikið fyrir fólksflóttu frá landinu?

„Það er ákveðinn hópur sem er að fara af landi brott. Einna helst eru það farandverkamenn sem koma hingað eingöngu til að vinna. Fjölskyldufólk reynir frekar að bíða og sjá hvort ástandið lagist ekki. En að öllu jöfnu held ég að flestir útlendingar sem koma til landsins komi til þess að vinna. Þeir gera allt til að finna vinnu og færa sig því á milli staða eftir því hvar vinnuna er að fá. Eins og ástandið er í þjóðfélaginu er oft erfitt að fá vinnu en oft á tíðum er dvalarleyfi fólksins háð atvinnu og framfærslu þess og því miður endar það ekki alltaf vel.“

Vill byggja upp betra samfélag

– Starf Rauða krossins er mjög virkt á Vestfjörðum.

„Mín upplifun er sú, að deildirnar hér vestra starfi meira saman en kannski gengur og gerist á öðrum stöðum. Sex deildir eru á norðanverðum Vestfjörðum og mikill styrkur er í svæðisfulltrúanum sem er hún Bryndís Friðgeirsdóttir. Við höfum lagt áherslu á að vinna flest okkar verkefni í samvinnu og þó sérstaklega á þessu ári. Við fengum styrk frá sparísjóðunum til að efla neyðarvarnir og skyndihjálparveg frá leikskóla og upp úr. Síðan hefur það verið sérstakt átaksverkefni hjá okkur að efla þann þátt.“

Ýmis verkefni eru í gangi á svæðisvísu sem deildirnar taka mismikinn þátt í, þó allir séu að vinna að einhverju. Vestfjarðadeildirnar eru til að mynda í vindaeldasamstarfi við North Bank

Að liðnum kjördegi!

Stakkur skrifar

Nú er komið að því að efna kosningaloforðin. Sum þeirra voru með þeim hætti að margir óttast efnidir. En hvað sem öðru líður þá hefur lýðræðið haft sinn framgang og kjósendur þó oft verið áhugasamari um kosningar en nú. Margir kvíða framtíðinni og þeir sem mynda ríkisstjórn bera ábyrgð ganvart öllum kjósendum og öllum landsmönnum. Verkefnið að endurreisa Ísland er ekki heiglum hent, en þeir sem taka slíkt að sér verða að standa sig. Eitt breytist vonandi frá því sem áður var. Það má ekki gleymast að allir kjósendur hljóta að geta gert kröfu til ríkisstjórnar um gagnsæ vinnubrögð, skilvirkni og stöðugt og gott upplýsingaflæði um verk sín, að ógleymdu samráði við þjóðina, einstaka hópa og hagsmunasamtök.

Stjórnmalámennt mega aldrei gleyma því að þeir eru í sjálfboðnu starfi, reyndar fyrir laun úr sjóðum almennings og bera skyldur gagnvart sama almenningi. Mörgum finnst sem Alþingi og virðing þess hafi sett niður og ekki er örgrannt að sumum finnst reynsla alþingismanna sem heildar ekki nógu víðtæk. En þetta er fólkið sem gaf kost á sér og því ber að sinna störfum sínum af alúð og hógværd. Starfið er að sönnu erfitt og margir stjórnmalámennt hafa farið meðidur úr starfi, bæði á sál og líkama. Nægir þar að nefna tvo stjórnmaláforingja sem mynduðu ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að loknum kosningum 2007, hinn 24. maí sama árs.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Stjórnmalámennt verða að geta tekið gagnrýni úr þjóðfélaginu. En sú gagnrýni verður einnig að vera rökstudd og fyrst og fremst málefnaleg.

Ríkisstjórn sem ætlar sér, við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja, að ná til fólks og ná samstöðu með þjóðinni verður að temja sér önnur vinnubrögð en þau sem ríkjandi voru síðustu mánuði fyrir kosningar. Að loknum kosningum í lýðræðisríki er afar mikilvægt að Alþingi geti snúið sér að störfum sínum og alþingismenn verða að muna að þeir og þeir einir ráða mestu um það hvert álit almennings verður á löggjafarsamkomunni. Betri og markvissari ræður, þróðmannleg framkoma og rökvisi munu leika þar stórt hlutverk.

Hvort ríkisstjórn lifir kjörtímabilið verður engu spáð um nú. En betra er að fara varlega þegar kemur að skattlagningu. Það fé sem heimtist í skatt fer ekki í veltu samfélagsins til að auka umsvif og skapa atvinnu ásamt því að velta samfélagsins verði meira og neysluskattar því hærri. En ákveðnar vísbendingar eru um að skattar verði hækkaðar óháð því hvort og hversu vel þeir innheimtast.

Þjóðin á engan kost annan en að gera sér væntingar um betri vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar en þeirra sem setið hafa frá 24. maí 2007. Þeim sem taka við stjórnartaumum er óskað velfarnaðar og þess að þeir beiti viti sínu og þroska í þágu þjóðarinnar.

í Gambíu og við höfum fengið til okkar ungmenni þaðan í heimsókn.

Við höfum lagt áherslu á að Rauði krossinn verði mjög sýnilegur. Hann hefur alltaf verið það á ákveðnum tímum en margir vita ekki hvað felst í hlutverki Rauða kross Íslands. Margir tengja Rauða krossinn við hamfarir erlendis en það er mikið grasrótastarf hér heima sem er ekki mjög sýnilegt. Sem dæmi stöndum við að barnastarfi með innflytjendum, móttöku á fatnaði og heimsóknum í skóla og stofnanir á svæðinu. Auk þess koma deildirnar að starfi Vesturafns. Sálrænn stuðningur er stór þáttur í starfi okkar og við höfum haldið námskeið sem almennir hefur oft getað sótt ókeypis.

Heimsóknahjónustan á vegum Rauða krossins hefur einnig verið til staðar á svæðinu en ég kom einmitt inn í starfið þannig að ég byrjaði sem heimsóknavinur. Þegar gestgjafi minn lést ákvað ég að fara í önnur verkefni og biða aðeins með að verða heimsóknavinur aftur. En það vatt frekar hratt upp á sig og ekki leið langur tími þar til ég var komin inn í stjórn Ísafjarðardeildarinnar og síðan tekin við formennsku. Þetta var árið 2006 en ég hafði verið heimsóknavinur frá árinu 2002. En þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf. Sérstaklega hefur verið spennandi að taka þátt í verkefnum á landsvisu en það er mjög öflugt Rauða kross starf á Íslandi.

Yfirskrift Rauða krossins er *Byggjum upp betra samfélag* og okkur dreymir um að hún skili sér til fólks, en sumir vita ekki hvað í því felst. Við reynum að virkja fólk í því að bæði gefa og þiggja, þannig að þeir sem þiggja geti einnig orðið virkir sjálfboðaliðar og gefið af sér. Og þeir sem gefa mikið af sér geti einnig verið á hinum endanum endrum og eins.

Einnig leggjum við áherslu á barna- og ungmennastarf svo krakkar geti vaxið innan hreyfingarinnar, því þetta er mjög gefandi. Til dæmis höfum við boðið upp á áfanga í Menntaskólanum sem heitir SJÁ 102, þar sem ungt fólk hefur tækifæri til að sinna sjálfboðastörfum eftir að skóla lýkur og fá einingar fyrir. Við höfum staðið að skyndihjálpi í 10. bekk í grunnskólum sem við vonum að verði fastur liður í skólalaldinu. Og eins erum við í samstarfi við ýmsa árganga í tengslum við ákveðin verkefni.

Eitt sem við hefðum viljað sjá meira af er samvinna við önnur félög, eins og til að mynda félag eldri borgara. Stundum koma upp verkefni sem Rauði krossinn getur ekki sinnt sem skyldi nema með hjálp. Samstarf við sveitarfélög og önnur félög skiptir því miklu máli.“

– Nú starfar þú einnig í félags-

málanefnd og svæðisráði, geturðu samnýtt reynsluna úr hverju starfi?

„Þegar maður sinnir svona mörgum hlutverkum þarf maður að gera sér vel grein fyrir því hvaða ákvarðanir maður er að taka hverju sinni. En vissulega get ég nýtt reynsluna í mínum störfum.

Ég er þroskaþjálfari að mennt og mér ber samkvæmt minni menntun að stuðla að því að hugsað sé um hag skjólstaðinga minna. Ég virðist velja mér störf sem fela í sér að viðhorfum fólks sé breytt eða það vakið til umhugsunar um hvað skiptir máli í lífinu. Oft er það svo, að við tölum um fólk en ekki við fólk. Oft fær það ekki tækifæri til að raddir þess heyrist og það geti sagt sjálfst hvornig það vill hafa hlutina. Ég vona því að maður geti verið málsvari þeirra sem hafa ekki tækifæri til að tjá sig sjálfir. Ég hef lengi verið í þannig starfi en ég vann hjá Svæðis- skrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum í mörg ár. Það hefur því líklega verið mín lífsköllun, en oft á tíðum hefur það kostað blóð, svita og tár.

Það hefur ævinlega skipt mig miklu máli að unnið sé rétt og faglega að hlutunum. Það gerir engum gott þegar unnið er hroðvirknislega og skyndiákvæðanir teknar.

Nú á dögum snýst allt um peninga og þegar maður er að vinna starf sem bæði ríki og sveitarfélög koma inn í myndast oft togstreita milli kerfa um það hver eigi að borga. Maður þarf því oft á tíðum að finna nýjar leiðir og taka erfiðar ákvarðanir, en ef þær eru teknar í samvinnu og sátt milli aðila auðveldar það hlutina.

Við heyrum svo mikið talað um fjárhaginn að það vill oft gleymast að þegar á reynir skipta peningar ekki svo miklu máli. Við eigum svo margt annað og við eigum að meta það sem við höfum.“

Félagsauður í samfélaginu

– Hefurðu alltaf verið svona mikill mannvinnur?

„Já, vonandi alltaf. Ég er alin þannig upp, ég átti mjög góða æsku og góða að. Ég er svo heppin að hafa fengið að alast upp með eldra fólk í kringum mig. Ég byggi kannski mína reynslu á því að hafa kynnst þeim sem minna mega sin alveg frá því að ég var barn. Mér var kennt að bera virðingu fyrir öllum, hvornig sem þeir væru. Mín lífsspeki er því sú að gera lítt metið fólk að vel metnu fólki, því allir búa yfir kostum og manngæsku.

Ég kynnist því á unga aldri að fylgjast með starfsemi á sjúkrahúsi og heilsugæslu, en móðir mín og amma unnu þar í mörg



ár. Ég held að ég hafi hlotið aðra sýn við það að hafa kynnst slíkum stað í æsku. Það skiptir mig til dæmis miklu máli að fólk hafi þak yfir höfuðið við mannsæm- andi aðstæður, ég tala nú ekki um að það búi við góð lífsgæði. Við erum eins mismunandi og við erum mörg svo að lífsgæðin eru misjöfn eftir hverjum og einum, en allir ættu að geta búið á þann hátt að þeim líði vel. En því miður hafa ekki allir tækifæri til þess. Mér var kennt að bera virðingu fyrir eldra fólki og því sé ég svo vel hvað það skiptir alla miklu máli að hafa reisin þegar lífinu fer að ljúka.

Ég hef kannski líka aðra sýn á hlutina þar sem ég hef aldrei flutt að vestan. Það er öðruvísi að fylgjast með breytingum þegar maður er alltaf kyrr á staðnum. Ég tók námið mitt í fjarnámi og hef því ekki einu sinni flutt burt í nám. Ég bý í litlu samfélagi

sem ég lít á sem einingu, en það er í Hnífsdal þar sem ég hef starfað í kirkjukór í mörg ár. Ég tel að þessi nágrannakærleikur og vinsemi sem býr í þessum litlu einingum sé það sem skipti verulegu máli. Ég tel að maður verði ekkert minna viðsýnn þó maður fari ekki að heiman. Margir segja að maður verði að fara út í hinn stóra heim til að vikka sjóndeildarhringinn, en mér finnst ég ekki hafa misst af neinu. Ég hef bara vikkað minn sjóndeildarhring á annan hátt.

Ég tel að við séum á margan hátt heppin að búa í smærri samfélagi, því við höfum tækifæri til að gera svo margt. Það er mikið auðveldara fyrir okkur að vinna saman og koma hlutunum í verk. Ég hef séð bæði í starfi mínu hjá Fjölmenningssetrinu og Rauða krossinum að það er mjög auðvelt að fá fólk til að taka þátt og vinna saman. Og maður sér mun hjá

öðrum deildum eins og á höfuðborgarsvæðinu hvað það er auðveldara að vinna með fólkinu þegar náðin er svona mikil.

Eitt af markmiðum Rauða krossins er einmitt að fólk finni að það vilji bera samfélagslega ábyrgð, að það skipti máli hvornig nágrannanum líður. Og í núverandi þjóðfélagsástandi hefur fólk opnað augun fyrir því að hver og einn skiptir máli. Sama hversu lítið maður gerir, þá skiptir það máli. Í starfi félagsmálanefndar er verið að leggja áherslu á þennan félagsauð sem við eigum. Það er mannaúður í sveitarfélaginu sem vel er hægt að virkja ef allir leggjast á eitt. Þó það sé yfir einhverja þroskulda að stíga er það bara hluti af því að þroskast og takast á við lífið. Vonandi getum við gert það í sameiningu“, segir Hrefna Magnúsdóttir.

– thelma@bb.is



Bláberin eru mjög holl.

Ljúffengur og öflugur hollustugjafi í náttúrunni

Berjaspretta var óvenju gjöful síðasta sumar og má það þakka góðu tíðarfari. Það er algeng sjón að sjá fólk af öllum stærðum og gerðum þrílandi upp í fjalli eða á hækjum sér í dölum hér vestra að tína ber á haustin. Margir vita þó ekki hversu öflugur bandamaður bláber eru í leitinni að heilbrigðara lífi og baráttunni við öldrun.

Bláber eru ávextir ákveðinna lynga af bjöllulyngs-ættkvíslinni og eins og flestir vita kallast lyngið sem berin vaxa á bláberjalyng. Á Íslandi þroskast þau yfirleitt ekki fyrr en seint í ágúst sem flest önnur ber.

Berín eru uppfull af vítamín-um, steinefnum og trefjaefnum og geyma sérstaklega mikið af C og E vítamínunum. Bláber einstaklega rík af andoxunarefnum. Andoxunarefni eru undirstaða og kjarni þess að vernda frumu-

himnur líkamans fyrir skemmdum af völdum oxunar og þar með hindra myndun skaðlegra sundurefna í frumum Þessi sundurefni eru talin tengjast hrörmun og því að ákveðnir sjúkdómar þróast í líkamanum, svo sem krabbamein, æðakölkun og ský á auga. Það eru í raun og veru litarefni í þessu grænmeti og ávöxtum sem hafa að geyma andoxunarefni og því er fagurblái litur berjanna ekki einungis til augnmyndis. Oxun merkir í bókstaflegri merkingu tæring eða ryðmyndun. Þegar eitthvað stendur berskjaldað frammi fyrir oxun, án nokkurrar varnar hefst öldrun eða tæring þess. Þeir sem eyða formúgu í öldrunarkrem ættu því að drífa sig út í berjamó og verða sér úti um vænan skammt af bláberjum næsta haust. Enda hvað er betra en að fá sér nýttind vestfirsk bláber með vænum slurk af rjóma

eða skyri, eða þá bara beint af lynginu? Þá er vænlegt að frysta berin og eiga skammt til að duga sér út veturinn.

Krækiberin eru ekki síðri hollustugjafi en auk þess að vera eins og bláberin uppfull af vítamínunum, steinefnum og trefjarík er töluvert af járn í krækiberjum en rannsóknir sýna að mörg börn og konur á Íslandi fá ekki nægjanlegt magn járn úr fæðunni. „Margir eru að huga að þyngdinni og þeir geta glæst yfir því að óhætt er að borða töluvert af berjum því í 100 g, sem er um einn og hálfur desilítri, eru ekki nema á bilinu 27-60 hitaeningar, minnst í krækiberjum en mest í bláberjum. Sama magn af bláberjum veitir 38 mg af C-vítamíni sem eru tæplega 2/3 hlutar af ráðlögðum dagskammti og fimmta part af ráðlögðum dagskammti fyrir E-vítamínunum“.




Ævintýri dýralækna

Dýralæknar geta í ýmsu lent líkt og annað fólk. Jafnvel er dæmi þess að dýralæknir hafi lent í stól fjármálaráðherra. Hann hefur þó varla verið sóttur til að klifra niður í brunn að sækja hlébarða.

Þegar hlébarði varar sig ekki á sprettinum er alltaf hætt á því að lenda í brunni. Gildir reyndar um fleiri en hlébarða. Hér er dýralæknir á Indlandi að koma upp með hlébarða sem datt í brunn og hann hafði áður svæft með svæfingarpílu. Blessað dýrið steinsefur með opin augun líkt og áður nefndur dýralæknir sem lenti í stól fjármálaráðherra gerði meðan fjármálin í landinu hans hrundu.

utan úr heími



Nefapinn og skaufanefið

Orðið nefapi er ekki beinlínis virðingarheiti í íslensku máli þegar það er notað um fólk. Hinn eini og sanni nefapi á Borneó í Suðaustur-Asíu getur hins vegar verið stoltur af myndarlegri ásjónu sinni. Það er samt einungis karldýrið sem ber hið volduga og virðulega skaufanef.

Hjá mörgum dýrategundum bera karldýrin einhver líkamleg áberandi einkenni sem heilla kvendýrin upp úr skónum. Talið er líklegt að nefskaufi þessi á nefapanum þjóni slíku hlutverki.

Hins vegar gegnir nef þetta líka hlutverki hljóðfæris, ef svo má segja. Þegar apinn rekur upp óskur til að vara við hættu magnast hljóðið í nefinu líkt og lúður sé og jafnframt verður það enn ógurlegra en ella.

Og svo er auðvitað þriðja hlutverkið sem nefið mikla gegnir, og öllu venjulegra: Að finna lykt.

Nefapinn á Borneó er meðal dýra í útrýmingarhættu og nefið mikla þar með. Á síðustu þremur áratugum hefur fækkað í stofninum úr um 6.500, að talið er, og niður fyrir eitt þúsund. Víst er að mikill sjónarsviptir yrði að þessari sérkennilegu apategund ef svo fer fram sem horfir. Þess má hins vegar vænta, að nefapar í óeiginlegri merkingu yrðu samt áfram við lýði á Íslandi.

Pepperoni fiskur og ostakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á uppskrift að ljúffengum fiskirétti þar sem blandast saman fyllt rjómafragð við kryddað pepperoni-bragðið. Einnig lætur Sunneva fylgja með ostakökuuppskrift sem hún fékk frá frænku sinni. Kakan er tilvalin við hvaða tækifæri sem er, hvort sem það er á kökuborðið, í veisluna eða í eftirrétt.

Pepperoni fiskur

½ pepperoni ostur
½ piparostur
Matarrjómi
Hrisgrjón
Pepperoni
Ýsa eða annar fiskur að eigin vali
Ostur til að strá yfir (má sleppa)

Sjóðið hrisgrjónin. Skerið ostana niður í þunnar sneiðar og

setjið í pott með matarrjómanum. Hitið upp að suðu og hrærið vel í þar til osturinn er bráðnaður. Roðflettið fiskinn og skerið hann niður í bita (magn fer eftir því hversu margir verða í mat en uppskriftin er miðuð við ca þrjú flök). Setjið fiskbitana í eldfast mót og hellið hrisgrjónunum og ostasósunni yfir. Skerið pepperoni niður í litla bita og bætið út

Ostakaka

Fylling

400 g rjómaostur
½ l rjómi
100 g flórsykur
1 tsk vanilludropar
5 blöð matarlím
1 msk mjólk

Sælkerinn

í, magn fer eftir því hversu kryddaðan rétt þið viljið. Stráðið osti yfir og setjið í heitan ofn og bakið þar til osturinn er bráðinn og fiskurinn eldaður. Gott er að bera réttinn fram með salati og ef til vill brauði.

Botn

1 2/3 bolli hafrakex mulið
5 msk kanilsykur
5 msk mjúkt smjör

Kexmylsnu, kanilsykri og smjöri blanda saman og þrýst í



Sælkeri vikunnar er Sunneva Sigurðardóttir á Ísafirði.

botninn og upp með börmunum á lausbotna móti (22 cm).

Hrærið saman rjómaostinn, flórsykurinn og vanilludropana. Leggið matarlími í vatnsbað og hrærið saman við msk af sjóðandi mjólk, þegar blandan er laus við kekki hellið út í rjómaostablönduna. Þeytið rjómann og blandið

varlegan saman við. Setjið ofan á kexbotninn og geymið í kæli í a.m.k nokkra klukkutíma. Hægt er að setja fersk ber eða aðra ávexti ofan á kökuna.

Ég skora á Matthildi Valdimarsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.



Frá Fossavatnsgöngunni í fyrra.

Fossavatnsgangan haldin í sextugasta sinn

Fossavatnsgangan er elsta skíðamót sem enn er haldið á landinu en hún fer fram í sextugasta sinn á laugardag. Þegar gangan fór fram í fyrsta sinn árið 1935 voru keppendur voru sjö talsins og brautin var mæld 18 km. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá en um 290 manns tóku þátt í göngunni í fyrra.

Skíðagöngukappinn Kristbjörn Sigurjónsson hefur í árafjöld verið einn þeirra sem sér um keppnishaldið og segir hann að keppnin fari sífellt stækkandi.

„Við ætluðum að halda upp á það að keppnin væri haldin í

sextugasta sinn en það voru bara ekki til peningar til þess. En við reynum í staðinn að halda betur utan um keppnina en það er alltaf verið að gera meira og meira úr því sem við höfum verið að gera.“

Þátttökumet hefur verið slegið í keppninni undanfarin tvö ár og markmiðið er að það verði slegið á ný í ár. Um er að ræða fjölmennustu skíðagöngukeppni Íslands sögunnar og setja skipuleggjendur hennar markmið enn hærra.

„Stefnan er sú að árið 2015 að 500 þátttakendur verða í göngunni. En markmiðið er að rúmlega 200 keppendur kæmu þá

erlendis frá. Það væri í sjálfu sér ekki mikið mál að koma því framkvæmd með því að auglýsa gönguna meira, en til þess þarf maður peninga. Núna er það orðspor göngunnar sem veldur því að erlendum þátttakendum fjölga. Við erum ekki í neinni sérstakri markaðssetningu en ef við næðum þessum þátttakendafjölda myndum við fá meiri pening út úr þátttökugjöldunum, en við erum með lægstu þátttökugjöld í heiminum miðað við sambærilegum göngum. Íslendingum finnst ekkert tiltökumál að borga til að taka þátt í erlendum

göngum en finnst það dýrt á Íslandi. Þó eru þeir að fá miklu meira fyrir peninginn hér heima en úti, það þekki ég sjálfur af eigin reynslu. Enginn annar er að bjóða, eins og við erum að gera, upp á pastaveislu fyrir og kaffísamsæti á eftir. Ef til vill er boðið upp á eitthvað súpugutl en svo ekkert meira. Við höfum fengið mikið lof fyrir það hjá erlendum þátttakendum hve mikið er gert fyrir keppendur.“

Margir keppendanna eru heimsþekktir skíðakappar og má þar nefna sigurvegarann í kvennaflokki í Vasagöngunni Sandra

Hanson, Jerry Arhlin og Oscar Svárd kemur í þriðja skiptið í röð. Að auki keppa helstu skíðagöngumenn Íslendinga í göngunni.

„Rosa stemming er í fólki núna og ég er mjög sáttur. Sérstaklega hjá Íslendingunum en ég heyri í fólki út um víða land sem er mjög spennt fyrir göngunni.“

Kristbjörn segir að Fossavatnsmenn hafi fyrir löngu pantað gott veður og hann hafi trú á að það gangi eftir. Áhugasömum er bent á nýjan vef Fossavatnsgöngunnar á slóðinni fossavatn.com.



Kjúlli ferskur
heill
599 kr/kg
Verð áður 954 kr/kg



37%
afsláttur

Alltaf góð helgartilboð!

19%
afsláttur

GODI
Alvöru hamborgari
2 x 175g
459 kr/pk.
Verð áður 568 kr/pk.

33%
afsláttur

Svínahryggur/kótilettur
Kjötborð
998 kr/kg
Verð áður 1.489 kr/kg

20%
afsláttur

Pik-Nik
kartöflustrá 113g
279 kr/stk.
Verð áður 349 kr/stk.

30%
afsláttur

Okkar brauð
Heilhveitibrauð
Okkar brauð
Heilhveitibrauð
Myllu Okkar brauð 770g
167 kr/stk.
Verð áður 239 kr/stk.

10%
afsláttur

Myllu möndlukaka
467 kr/stk.
Verð áður 519 kr/stk.

24%
afsláttur

Náttúra
Appelsínu safi
og eplasafi 1l
119 kr/stk.
Verð áður 157 kr/stk.

**Grillaður
kjúklingur**
+ franskar og 2l Coke
1.298 kr.

Tilboðið gildir
fimmtudag og föstudag

Gildir 22. - 26. apríl
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup úrval

ÍSAFJÖRÐUR